



SKOÐUN Líf Magneudóttir skrifar um rangar áherslur stjórnvalda í menntamállum. **12**



MENNING Hljómsveitin Nýdönsk fer alla leið til Berlínar til að taka upp nýja plötu. **26**



SPORT Skíðagöngumaðurinn Sævar Birgisson keppir fyrstur Íslendinga á Ólympíuleikum í Sotsjí í dag. **22**



Whirlpool
PVOTTAVÉLAR
Heimilistæki ht.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Priðjudagur
11. febrúar 2014
35. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*MEST LESNA DAGBLAÐ A ÍSLANDI**

*Samkvæmt brentmálakönnun Capacent Gallup, janúar - mars 2014

FRÉTTIR



Purfa 80 megavött

Silicor Materials hefur rætt við Landsvirkjun um öflun orku í kísilverksmiðju á Grundartanga og við bankana um fjármögnun. **6**

Legið á viðkvæmri skýrslu Endurskoðunarskýrsla um hjúkrunarheimilið Höfða hefur ekki verið afhent þrátt fyrir ákvörðun úrskurðarnefndar upplýsingamála. **2**

Fríverslun við ESB í húfi Samningar Sviss við Evrópusambandið gætu verið í uppnámi vegna nýrrar innflytjendalöggjafar Svisslendina. **6**

Hjördís Svan aftur í fangelsi Aðstandendur hafa enga skýringu fengið á fyrirvaralausri handtöku í gærmorgun. **10**



SHALDOR
12

Bolungarvík	-2°	NA12
Akureyri	-2°	NA 7
Egilsstaðir	0°	N 4
Kirkjubæjarkl.	0°	NA 6
Reykjavík	0°	NA 7

HVESSIR Í dag verða norðaustan 8-15 m/s en hvassari NV-til síðdegis og við S-ströndina. Snjócoma eða él N- og A-til en úrkomulaust SV-til. Hiti í kringum frostmark. **4**

2 SÉRBLÖÐ

112-dagurinn | Fólkh



Meirihluti vill gjöld í háskóla

51 prósent svarenda í könnun Viðskiptaráðs er hlynt upptöku skólagjalda í háskólum. Formaður Stúdentaráðs segir skólagjöld ósýnilega hindrun og að ekki megi veða að jöfnu aðgengi allra að háskólanámi.

SKÓLAMÁL Meira en helmingur landsmanna er hlyntur því að skólagjöld verði tekin upp í háskólum samkvæmt nýrri könnun sem Viðskiptaráð Íslands lét framkvæma. Þar svaraði 51 prósent aðspurðra því til að vera alfaríð, mjög eða frekar hlynt því að háskólar yrðu fjármagnaðir að hluta til með skólagjöldum. 34 prósent voru andvíg slíkri fjármögnun háskóla en 16 prósent tóku ekki afstöðu.

Unnur Brá Konráðsdóttir, formaður allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, segir enga umræðu vera um upptöku skólagjalda í háskólum í nefndinni. „Aðvitað er öll umræða holl og allt í lagi að fá rök með og á móti en hingað

til hefur það verið okkar afstaða að gera það ekki, á þeim grundvelli að allir eigi að hafa jafnan aðgang að námi,“ segir Unnur.


Í könnuninni kemur fram að karlmenn eru hlyntari upptöku skólagjalda fremur en konur, 53 prósent karla eru hlynt en 33 prósent andvíg. Hins vegar eru 47 prósent kvenna hlynt upptökunni en 34 prósent andvíg.

Þá eykst andstaðan við skólagjöldin í hlutfalli við menntunarsstig svarenda. Þannig eru 52 prósent þeirra sem hafa lokið framhaldsnámi í háskóla andvíg skólagjöldum, 34 prósent þeirra sem lokið hafa stúdentsprófi, en aðeins 21 prósent þeirra sem hafa lokið grunnskólaprófi eða minna.

María Rut Kristinsdóttir, formaður Stúdentaráðs, segist ekki óttast þessa umræðu. „Við í Stúdentaráði teljum skólagjöld í raun vera ósýnilega hindrun, sem erfitt er að mæla og við vitum ekki almennilega hverjar afleiðingarnar gætu orðið. Þetta er umræða sem er hollt að taka en það þarf að skoða alla fleti hennar,“ segir María. Hún segir það grundvallarafstöðu Stúdentaráðs að aðgengi allra að menntun sé jafnt og ekkert megi veða að því.

Könnun Viðskiptaráðs var framkvæmd 16. til 26. janúar 2014 á netinu. Úrtak var 1.400 manns á öllu landinu, átján ára og eldri, handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Capacent Gallup. Þátttökahlutfall var 59,4 prósent.

→ Skólagjöld í háskólum



Heimild: Könnun Viðskiptaráðs Íslands



SPJALLAÐI VIÐ MÓTMÆLENDUR Páll Valur Björnsson úr Bjartri framtíð var eini þingmaðurinn sem gaf sér tíma til að spjalla við hóp öryrkja sem mótmæltu brotum gegn friðhelgi einkalífsins á Austurvelli í gær. Mótmælin tengjast breytingum á lögum um almannatryggingar sem miklar deilur hafa staðið um síðan þau tóku gildi. Sjá síðu 8

Ljósmyndarinn Saga Sig: Myndaði M.I.A. á forsíðu Wild

MENNING Ljósmyndarinn Saga Sig, sem býr og starfar í London, tók forsíðumynd af tónlistarkonunni M.I.A. sem prýðir nýjasta tölublað bandaríska tímaritsins Wild Magazine á dögunum.



„Þetta var ótrúlega skemmtilegt,“ segir Saga um myndatökuna. „Ég ber svo mikla virðingu fyrir henni sem listakonu svo það var sérstaklega gaman að fá að vinna með henni,“ heldur Saga áfram. M.I.A. hafi verið mjög vingjarnleg. „En annars er hluti af mínu starfi að vera ekkert að kippa mér upp við það þótt fólk sé frægt.“ Saga hefur meðal annars myndað fyrir Nike Women og Topshop og fengið myndir eftir sig birtar í tímaritum á borð við Vogue Japan og í Dazed and Confused. - ósk/sjá síðu 38

Bretar og Hollendingar krefjast 1.000 milljarða frá innstæðutryggingarsjóði:

Fellur ekki á skattgreiðendur

DÓMSMÁL „Þetta hefur ekki áhrif á íslenska skattgreiðendur,“ segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra um þá ákvörðun hollenska seðlabankans og breska innstæðusjóðsins að stefna Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta, TIF, vegna Icesave. Ytrustu kröfur Breta og Hollendinga hljóða upp á 1.000 milljarða króna.

Sigmundur segir sérstakt að Bretar og Hollendingar fari fram á að fá borgaðan höfuðstólinn á kröfum sínum í lögsókn-

inni gegn TIF. „Þeir eiga forgangskröfu upp í höfuðstólinn í þrotabú gamla Landsbankans. Það er eins og þeir séu að fiska og bæta í körfuna eins mikið og þeir mögulega geta,“ segir Sigmundur.

Hann segir mikilvægt að þessar fjárhæðir, fari málið á versta veg, komi ekki úr ríkissjóði.

„Þetta er fyrst og fremst áminning um hversu mikilvægt það var að þessar innstæður væru ekki á ábyrgð skattgreiðenda,“ segir Sigmundur.



Þetta er fyrst og fremst áminning um hversu mikilvægt það var að þessar innstæður væru ekki á ábyrgð skattgreiðenda.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra

Hann bætir við að árið 2011 hafi Bretum og Hollendingum staðið til boða að fá borgað úr Tryggingarsjóði innstæðueigenda en þeir hafnað því. „Þeir töldu það væntanlega veikja stöðu sína í því að fá borgað úr vösum íslenskra skattgreiðenda. En þegar sú varð ekki raunin vilja þeir ganga í innstæðusjóðinn,“ segir Sigmundur Davíð.

- kak / sjá síðu 4

Sushi allan sólarhringinn!

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

LEIÐIN TIL HOLLUSTU

Skyr.is drykkirnir standast þær ströngu kröfur sem gerðar eru til matvæla sem merktar eru Skráargatinu. Þú getur treyst á hollustu Skyr.is.

www.skyr.is

SPURNING DAGSINS



Bergur, en ef Muninn sendir þig?

„Það myndi aldeilis muna um mann eins og mig.“

Forseti bæjarstjórnar Voga vill samstarfs-samning bæjarfélagsins við Sjálfstæðisfélagið Munin sem meðal annars lofi að senda fulltrúa á landsfund Sjálfstæðisflokksins. Bergur Álfþórsson bæjarfulltrúi segist ekki sjá að það þjóni hagsmunum Vogabúa.

314 milljónir króna fóru í breyttar stjórnunarstöður hjá Marel á síðasta ári:

Hoen fékk hundruð milljóna

VIÐSKIPTI Í ársuppgjöri Marel vegna 2013 kemur fram að tvær milljónir evra, eða um 314 milljónir króna, hafi farið í breyttar stjórnunarstöður hjá fyrirtækinu.

Árni Oddur Þórðarson var seint á síðasta ári ráðinn forstjóri Marel í stað Hollendingsins Theos Hoen og fór stærstur hluti upphæðarinnar í starfslok hans. Hoen hafði unnið hjá félaginu í 28 ár og endurspeglar það uppgjörið, að sögn Ásthildar Otharsdóttur, stjórnarformanns Marel. Hoen hafði verið forstjóri frá 2009.



THEOS HOEN

en að sjálfsögðu fylgjum við þeim lögum og reglum sem gilda í hverju landi fyrir sig,” segir hún en Marel starfar í yfir fjörutíu löndum með

Spurð nánar út í þessar 314 milljónir króna, segir Ásthildur starfskjarastefnu Marel vera mjög skýra. „Fyrirtækið gerir ekki sérstaka starfslokasamninga um fjögur þúsund starfsmenn. „Í sumum löndum þar sem við störfum eru réttindi starfsmanna talstvert umfangsmeyri en við þekkjum hédan. Í Hollandi er það þumalputtaregla að fólk ávinnir sér einn mánuð fyrir hvert ár sem það starfar. Svo á það uppsafnað frí og annað slíkt. Varðandi æðstu stjórnendur okkar er einnig oft samkeppnisklausúla,” segir Ásthildur og bætir við að Marel styðjist við starfskjaraupplýsingar frá alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækinu Hay Group.

Hlutur í Icelandair seldur: Virði bréfanna 6,6 milljarðar

VIÐSKIPTI Framtakssjóður Íslands hefur selt alla eign sína í Icelandair, að andvirði um 6,6 milljarða króna. Þetta kemur fram í tilkynningu til Kauphallar.

Um er að ræða 350.539.559 hluti, en gengi bréfa Icelandair var 18,9 krónur á hlut í lok dags. Sjóðurinn átti 7,01 prósent hluta Icelandair. Kaupandi er ekki tilgreindur.

Framtakssjóðurinn er í eigu lífeyrissjóðanna, sem hafa ávaxtað fé sitt verulega í gegnum hann. -js



FRÉTTAHLAÐID/ÓSKAR

Hnúfubakur gladdi gesti og gangandi í Vestmannaeyjum:

Elti síldartorfurnar inn í höfnina

SJÁVARÚTVEGUR Hnúfubakur gerði sig heimakominn í Friðarhöfn í Vestmannaeyjum í gær. Síldartorfa leitaði langt inn í höfnina og henni hafa fylgt bæði hvalur og súlur svo úr varð allnokkurt sjónarspil.

Mannmargd sagnaðist saman til að fylgjast með sporðaköstunum og síldinni sem fór í stökkum til að forðast hvalinn. Staðkunnugir segja síldartorfuna hafa verið nokkuð stóra, því hvalurinn virtist hafa nóg að éta. Eins hafi verið gaman að fylgjast með fuglinum sem fimur stakk sér eftir bráðinni.

- óka

Ágóði rennur til verndar:

Gjaldtaka hefst á Geysi í mars

FERÐAÞJÓNUSTA Landeigendafélag Geysis hefur ákveðið að hefja gjalddtóku af ferðamönnum 10. mars næstkmandi.

Þá mun kosta 600 krónur inn á hverasvæðið í Haukadal fyrir þá sem eru eldri en 16 ára.

Ágóði gjalddökkunar mun renna til verndar og uppbyggingar á svæðinu og er ætlað að standa straum af aukinni upplýsingagjöf og þjónustu við gesti svæðisins.

Í fréttatilkynningu kemur fram að landeigendum beri að vernda þessa náttúruperlu og tryggja öryggi ferðamanna en þeir hafi í áramna rás borið mikinn kostnað af svæðinu, án þess þó að nokkrar tekjur hafi komið á móti til að sinna nauðsynlegu viðhaldi og uppbyggingu.

- kak

Stoltenberg og flokkur hans:

Hafa ekki verið stærri í tvö ár

NOREGUR Verkamannaflokkurinn í Noregi bætir við sig fylgi í nýrri skoðanakönnun sem Aftenposten segir frá. Flokkurinn, sem hvarf frá völdum í fyrra eftir átta ára valdatíð, mælist með 34,4% fylgi og hefur ekki mælst ofar í tvö ár. Þá eykur hann samkvæmt þessu enn bilið niður á Hægri flokkinn sem stýrir núverandi ríkisstjórn, en dalar lítillega í fylgi.

Jens Stoltenberg, formaður Verkamannaflokksins, segist ánægður með þessa niðurstöðu sem honum finnst til marks um að kjósendum hugnist betur sú stefna sátta og sameiningar sem þeir ráku á stjórnartíð sinni. -bj

Elliheimili liggi ekki á viðkvæmri skýrslu

Fyrirverandi bæjarlögmaður á Akranesi sem sótti um starf framkvæmdastjóra hjúkrunarheimilisins Höfða hefur ekki fengið endurskoðunarskýrslu um stofnunina þótt úrskurðarnefnd upplýsingamála segi hann eiga að fá aðgang að henni.

STJÓRNSÝSLA „Ég veit ekki af hverju framkvæmdastjóri eða stjórnarformaður hafa ekki sent mér skýrsluna og veit reyndar ekki hvað þeir óttast í því samhengi,” segir Jón Pálmi Pálsson sem hefur ekki fengið skýrslu um fjármál dvalarheimilisins Höfða þó að úrskurðarnefnd um upplýsingamál segi að veita eigi aðgang að skýrslunni.

Jón Pálmi, sem er fyrirverandi bæjarstjóri og bæjarritari á Akranesi til margra ára, var einn 26 umsækjenda um starf framkvæmdastjóra Höfða. Jón Pálmi fékk ekki starfið heldur Kjartan Kjartansson, sem fram að umsóknarferlinu sat í stjórn Höfða.

Jón Pálmi óskaði eftir endurskoðunarskýrslu vegna ársreiknings Höfða fyrir 2012. Stjórn Höfða neitaði og leitaði Jón Pálmi þá til Úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

„Það getur ekki verið um að ræða slíka viðskiptahagsmunu stöfnunarinnar að leynd þurfi bæjarbúa upplýsingum, enda um opinbera stofnun að ræða,” sagði í kærnu Jón Pálma.

Stjórn Höfða sagði upplýsingar í endurskoðunarskýrslunni geta valdið stofnuninni tjóni ef þær yrðu gerðar aðgengilegar. Úrskurðarnefndin bendir í úrskurði frá 28. janúar á að yfir 90 prósent af rekstrarfé Höfða séu frá ríkinu og að hvorki almannahagsmunir né einkahagsmunir standi til þess að veita ekki aðgang að skýrslunni.

„Um þetta get ég svo sem ekkert sagt annað en það að auðvitað er það viðkvæmt þegar stofnun er rekin með umtalsverðu tapi og það



MYND/HÖFÐI

ekki einungis í eitt ár,” segir Jón Pálmi aðspurður hvers vegna hann telji stjórn Höfða ekki vilja að uppskatt verði um innihald skýrslunnar.

„Það hlýtur að benda til þess að nauðsynlegt sé að taka til í rekstrinum og leita leiða til hagkvæmari reksturs, en það er nú ekki það sem stjórn Höfða hefur gert og það í skjóli bæjarstjórnar sem ekki heldur hefur haft vilja til að leita hagræðingar,” segir Jón Pálmi sem látinn var hætta sem settur bæjarstjóri í desember 2012 eftir að hafa tvírúkkad akstursgreiðslur.

Jón Pálmi segist ekki sjá annað en að „hörð pólitík“ hafi ráðið við val í framkvæmdastjórastarfið. „Það er greinilegt að buíð var að ákveða hver skyldi fá hrossið.“ Þessu hafnar Kristján Sveins-



Það er greinilegt að buíð var að ákveða hver skyldi fá hrossið.

Jón Pálmi Pálsson, fyrirverandi bæjarritari á Akranesi.

son, formaður stjórnar Höfða. „Við völdum hæfasta manninn að því er okkur fannst,” segir Kristján sem kveðst einmitt hafa verið að ganga frá bréfi til Jóns Pálma. „Hann fær ekki skýrsluna en hann fær aðgang að henni. Jón Pálmi má koma niður á Höfða og þar útvegum við honum aðstöðu til að lesa hana. Hann fær ábyggilega kaffi og kleinur líka.“ gar@frettabladid.is

Íslenskt lagaumhverfi gerir ekki ráð fyrir erlendra aðstoð í neyðarástandi: Regluverk hindrar hjálparstarf

STJÓRNSÝSLA Ekkert í lögum og reglugerðum landsins gerir ráð fyrir að Ísland geti þegið utan- aðkomandi aðstoð ef náttúruhamfarir eða aðrir alvarlegir atburðir eiga sér stað hér á landi.

Rauði kross Íslands lét á dögnum gera úttekt á þeim þáttum í íslensku laga- og reglugerðar- umhverfi sem geta hindrað eða hamlad komu erlends hjálparliðs hingað til lands ef neyðar- ástand skapast.

Í skýrslunni kemur fram að ýmsu er ábótavant í íslensku lagaumhverfi. Meðal þess sem vantar eru ákvæði um starfsréttindi erlendra lækna og annars fagfólks, skráningu erlendra neyðaröku- tækja, innflutning á lyfjum og hver það er sem myndi sækja um utanadkomandi aðstoð.

Jón Brynjar Birgisson, sviðsstjóri hjá Rauða krossinum, segir að í stóru landi með fámennu viðbragðsliði þurfi að vera hægt að leita út fyrir landsteinana eftir aðstoð.

„Við þurfum að tryggja að hér séu engar hindranir í kerfinu eða íslenskrari stjórnsýslu sem koma í veg fyrir að fólk geti hafið störf sem allra fyrst,” segir Jón Brynjar.



FRÉTTAHLAÐID/VILHELM

Við þurfum að tryggja að hér séu engar hindranir í kerfinu eða íslenskrari stjórnsýslu sem koma í veg fyrir að fólk geti hafið störf sem allra fyrst.

Jón Brynjar Birgisson, sviðsstjóri hjá Rauða krossinum

Benecol**Inniheldur plöntustanólester sem lækkar kólesteról**

Kólesteról er áhættuþáttur hjarta- og æðasjúkdóma

**+2 fylgja frítt með**

ms.is/benecol

NOTAÐIR BÍLAR

MIKIÐ ÚRVAL

Gerðu betri bílakaup!

Komdu!
GÓÐIR AFSLÆTTIR

og **80%**
ALLT AÐ **FJÁRMÖGNUN**
Á VÖLDUM BÍLUM*



80%
FJÁRMÖGNUN

► Verð: 4.190.000 kr.

Mazda6 Vision ARF14
Skráður maí 2013, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 22.000 km. *fábyrgð*



► Verð: 2.690.000 kr.

Ford Escape Limited AWD RZE50
Skráður sept. 2008, 3,0Di bensín, sjálfsk.
Ekinn 79.000 km.



80%
FJÁRMÖGNUN

► Verð: 10.270.000 kr.

Volvo XC90 Momentum D5 AWD UUV86
Skráður des. 2012, 2,4TDCi dísil, sjálfsk.
Ekinn 40.000 km. *fábyrgð*



GÓÐUR AFSLÆTTUR!

► Tilboð: 1.390.000 kr.

Skoda Octavia Ambiente U505
Skráður apríl 2007, 1,9TDi dísil, sjálfsk.
Ekinn 215.000 km.
Ásett verð: 1.590.000 kr.



GÓÐUR AFSLÆTTUR!

► Tilboð: 2.350.000 kr.

Citroën Berlingo Multispace TZA45
Skráður maí 2012, 1,6TDCi dísil, beinsk.
Ekinn 60.000 km.
Ásett verð: 2.550.000 kr. *fábyrgð*

FINNDU BÍLINN PINN Á
NOTADIR.BRIMBORG.IS
TÖKUM ALLAR GERDIR BÍLA UPPÍ!



GÓÐUR AFSLÆTTUR!

► Tilboð: 990.000 kr.

Ford Focus Ghia Wagon YJ899
Skráður apríl 2006, 1,6i bensín, beinsk.
Ekinn 166.000 km.
Ásett verð: 1.090.000 kr.



GÓÐUR AFSLÆTTUR!

► Tilboð: 1.540.000 kr.

Hyundai i30 Classic TOH76
Skráður júní 2008, 1,6i bensín, beinsk.
Ekinn 95.000 km.
Ásett verð: 1.690.000 kr.



80%
FJÁRMÖGNUN

► Verð: 2.830.000 kr.

Mazda3 Advance VYL56
Skráður mars 2013, 1,6TDi dísil, beinsk.
Ekinn 25.000 km. *fábyrgð*



GÓÐUR AFSLÆTTUR!

► Tilboð: 2.590.000 kr.

Citroën C4 Comfort SNZ90
Skráður mars 2013, 1,6Di dísil, beinsk.
Ekinn 29.000 km.
Ásett verð: 2.790.000 kr.



GÓÐUR AFSLÆTTUR!

► Tilboð: 990.000 kr.

Nissan Primera Acenta VE638
Skráður otk. 2005, 1,8i bensín, sjálfsk.
Ekinn 115.000 km.
Ásett verð: 1.290.000 kr.

BÍLADÍLL DAGSINS!
Hafðu samband strax!



80%
FJÁRMÖGNUN

► Verð: 2.190.000 kr.

Citroën C3 Seduction ZPY30
Skráður maí 2013, 1,6Di dísil, beinsk.
Ekinn 33.000 km. *fábyrgð*



80%
FJÁRMÖGNUN

► Verð: 3.290.000 kr.

Ford Focus Trend Edition ONK73
Skráður apríl 2013, 1,6TDCi dísil, beinsk.
Ekinn 21.000 km. *fábyrgð*



GÓÐUR AFSLÆTTUR!

► Tilboð: 2.490.000 kr.

Ford Edge SEL Plus AWD SIS80
Skráður ágúst 2007, 3,5i bensín, sjálfsk.
Ekinn 133.000 km.
Ásett verð: 2.790.000 kr.



80%
FJÁRMÖGNUN

► Verð: 2.090.000 kr.

Ford Fiesta Trend FTT95
Skráður maí 2013, 1,0i bensín, beinsk.
Ekinn 29.000 km. *fábyrgð*



GÓÐUR AFSLÆTTUR!

► Tilboð: 1.990.000 kr.

Citroën C8 SX DAL57
Skráður júní 2008, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 76.000 km.
Ásett verð: 2.290.000 kr.

Fylgstu með á
FACEBOOK



Notaðir bílar
- Brimborg

Tilboðsbílar fara
beint á Facebook!

ÞÆFTU 100% FJÁRMÖGNUN?

HAFDU SAMBAND VÍÐ RÁÐGJAFNA OG
FÁDU UPPLÝSINGAR UM HVAD ER Í BODI.

VÍÐ TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ

Víð tökum notaða bílinn
pinn uppi á hagstæðu verði.
Sýndu okkur bílinn pinn
og víð gerum þér tilboð í
millgjöf. Engin skuldbinding.

Skoðuðu úrvalið á
NOTADIR.BRIMBORG.IS

Söluveildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

*Kaskótrygging er forsenda fyrir fjármögnun ástamt því að lántaki standist lánshæfis- eða greiðslumat.

50 ár í bilgræininni

brimborg

Öruggur staður til að vera á

SVONA ERUM VIÐ



280 manns voru skráðir í Ásatrúarfélagið árið 1998. Fimmtán árum síðar, 2013, voru 2.148 skráðir í félagið.

Heimild: Hagstofan.is.

Áin Thames flæddi víða yfir bakka sína í gær og búist er við meiri flóðum í dag og á morgun: Flóð í Bretlandi valda deilum um peninga

BRETLAND Breska stjórnin var harðlega gagnrýnd í gær fyrir að hafa haldið umhverfisstofnun landsins í fjársveldi, með þeim afleiðingum að flóðavarnir við Ána Thames brugðust í miklum vatnsvöxtum. Áin flæddi yfir bakka sína víða vestan við London með þeim afleiðingum að götur fóru í kaf og vatn flæddi inn í fjölmörg hús.

Mikil hætta er á að ástandið versni í dag og á morgun sunnan til á Englandi, þegar veðrið versnar með úrhellisrigningu og hvasviðri.

David Cameron forsætisráðherra neitaði því að stjórnin hefði brugðist eða verið sein til verka: „Við höfum verið að takast á við þetta allt frá fyrstu stundu,“ sagði hann. „Þar sem peninga vantaði, þangað veittum við peningum. Þar sem þörf var á hermönnum, þar gekk ég úr skugga um að hermenn væru sendir á vettvang.“

Chris Smith, formaður bresku umhverfisstofnunarinnar, verst líka gagnrýni á stofnunina, sem

Láglandi og aðþrengdar ár á Englandi

Teitur Arason, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands, segir lægðagang valda flóðunum á Englandi. Lægðirnar séu þó ekki á leið til Íslands. Um jólin var mjög hvasst hér og þá höfðu lægðirnar fyrst gert usla á Bretlands-eyjum. En upp á síðkastið hafi þær gengið yfir Bretland án þess að koma hingað. „Það er tiltölulega meinlaust veður á Íslandi út vikuna en Bretarnir verða áfram í rigningunni,“ segir Teitur. Láglandið á Suður-Englandi og aðþrengdar ár eigi stóran þátt í flóðavanda Englendinga.

sögd er hafa brugðist og bendir á fjárveitingareglur breska fjármálaráðuneytisins.

Úrkoma á Englandi hefur ekki mælst meiri í janúar síðan árið 1766. - gb



Á NETINU Alþjóðlegi netöryggisdagurinn er í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

100 þjóðir með dagskrá:

Netöryggi í hávegum haft

NETIÐ Alþjóðlegi netöryggisdagurinn er haldinn hátíðlegur í ellefta sinn í dag. Þemað í ár er „Gerum netið betra saman“. Yfir eitt hundrad þjóðir um allan heim standa fyrir skipulagðri dagskrá.

SAFT stendur fyrir málþingi í Skriðu, aðalbyggingu Menntavísindasviðs Háskólans, milli 12 og 16 í dag. Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra og Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, flytja ávörp auk Sigríðar Hallgrímsdóttur, aðstoðarmanns mennta- og menningarmálaráðherra. - fb

Áhrif ófærðar vestan hafs: Heitavatnsborun tefst í Kjós

ORKUMÁL Ófærð í Bandaríkjunum hafði þau óvæntu áhrif að tefja borun eftir heitu vatni í landi Möðruvalla í Kjós. Þegar hefur verið boruð hola á Möðruvöllum.

„Borkrónan sem nota á við framhaldið átti að vera komin til landsins en vegna ófærðar innanlands í USA fór hún ekki þaðan fyrir en í gær og gæti það haft áhrif á framvinduna allra næstu daga,“ segir á vef Kjósarhrepps. Í leit að nægjanlega heitu vatni var ákveðið að bora aðra holu áður en ráðist yrði í að dýpka fyrri holuna úr ríflega 800 metrum í allt að 1.500. - gar

Bretar og Hollendingar vilja eitt þúsund milljarða króna

Formaður stjórnar sjóðsins segir hann ekki geta sinnt lögbundnum skyldum sínum verði fallist á kröfurnar. Forsætisráðherra segir Breta og Hollendinga vera að fiska og ekki vera hægt að krefja skattgreiðendur um féð.

DÓMSMÁL Hollenski seðlabankinn DNB og breski innstæðusjóðurinn FSCS hafa stefnt Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta á Íslandi, TIF, fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur. Yrstru kröfur Breta og Hollendinga í málinu má meta upp á 1.000 milljarða króna með vöxtum og kostnaði.

DNB og FSCS greiddu innstæðueigendum í Hollandi og Bretlandi bætur við fall Landsbanka Íslands hf., nú LBI hf. Um var að ræða innstæður vegna Icesave-reikninga LBI hf. í Hollandi og Bretlandi. DNB og FSCS krefjast þess að TIF verði gert að greiða eða staðfest verði að TIF hafi borið að greiða að fullu lágmarkstryggingu eða allt að 20.887 evrur fyrir hvern innstæðueiganda, auk vaxta og kostnaðar.

Guðrún Þorleifsdóttir, formaður stjórnar Tryggingarsjóðsins, segir að fari svo að fallist verði á kröfur Breta og Hollendinga verði erfitt fyrir sjóðinn að sinna skyldum sínum og tryggja innstæður á Íslandi til framtíðar. „Það er alveg ljóst að sjóðurinn mun ekki greiða meira en það sem hann á í sínum sjóðum hverju sinni. Sjóðurinn verður ekki gerður gjaldþrota og ekki gerð aðför að eignum hans. Hann mun því ekkert geta gert,“ segir Guðrún.

Í tilkynningu frá sjóðnum segir að þegar ljóst varð að málið yrði ekki leyst með samningum hafi

TIF ákveðið að hefja útgreiðslu fjármuna í samræmi við lög og eftir því sem efni stóðu til. DNB og FSCS mótmæltu þeim skilyrðum sem fram komu í ákvörðun sjóðsins og höfnuðu greiðslu á þeim grundvelli. Eftir það hafi aðilar verið í samskiptum sem ekki hafa skilað árangri.

Karl Axelsson, lögmaður Tryggingarsjóðs innstæðueigenda, segir að um sé að ræða stórmál fyrir sjóðinn. „Sennilega verður sjóðurinn lamaður næstu 100 árin eða meira og þannig íslenska tryggingakerfið í uppnámi til framtíðar,“ segir Karl aðspurður um hvaða afleiðingar það hafi ef umræddar kröfur falla á Tryggingarsjóðinn.

Sjóðurinn hefur yfir að ráða um 18,2 milljörðum króna sem boðnar hafa verið DNB og FSCS og eru fjármunir sem voru til í sjóðnum við fall LBI hf. Þeim er haldið aðgreindum frá öðru fé sjóðsins. TIF telur þó allar kröfur vera fyrndar í ljósi þess að greiðsluskylda stofnaðist fyrir rúmum fimm árum. Verði ekki fallist á það telur TIF greiðsluskylda sína takmarkast við þær fjárhæðir sem sjóðurinn hafði yfir að ráða á þeim tíma sem greiðsluskyldan stofnaðist. Karl segir að öðru leyti ekki alveg ljóst hvernig málið verði lagt upp en greinargerð



ICESAVE Samningar milli þjóðanna voru felldir í þjóðaratkvæðagreiðslu í tvígang hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Krafa Breta og Hollendinga:

Krafa breska innstæðusjóðsins FSCS: 452,1 milljarður króna
Krafa hollenska seðlabankans DNB: 103,6 milljarður króna
Höfuðstóll kröfunnar fyrir utan vexti og kostnað: 555,7 milljarðar króna
Yrstru kröfur með vöxtum og kostnaði: Um 1.000 milljarðar króna

í málinu verður ekki skilað fyrir en í mars.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra segir málið fyrst og fremst áminningu um hversu mikilvægt það var að þessar innstæður væru ekki á ábyrgð skattgreiðenda. „Það er ekki með nokkru móti hægt að krefja skattgreiðendur um þetta,“ segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra. Hann segir Breta og Hollendinga eiga forgangskröfu


upp í höfuðstólinn í þrotabú gamla Landsbankans. „Það er eins og þeir séu að fiska og bæta í kröfuna eins mikið og þeir mögulega geta,“ segir Sigmundur. Bretum og Hollendingum hafi staðið til boða að fá borgað úr Tryggingarsjóði innstæðueigenda en þeir hafnað því. „Þeir töldu það væntanlega veikja stöðu sína í því að fá borgað úr vösum íslenskra skattgreiðenda. En þegar sú varð ekki raunin vilja þeir ganga í innstæðusjóðinn,“ segir Sigmundur Davíð.

fanney@frettabladid.is

Advertisement for LYSI HEILSU TVENNA (Omega-3, vitamins and minerals) with product image and promotional text.

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



FERDAVEÐRIÐ Það má gera ráð fyrir slæmu ferðaveðri frá því í kvöld og fram á morgundaginn um norðvestanvernt landið en þá verður ofankoma um tíma samfara hvasstri norðaustanatt. Hvesstri einnig við suðurströndina á morgun.

Table of temperatures in various cities: Alicante 14°, Basel 4°, Berlin 6°, Billund 3°, Frankfurt 6°, Friedrichshafen 6°, Gautaborg 3°, Kaupmannahöfn 2°, Las Palmas 20°, London 7°, Mallorca 15°, New York -4°, Paris 8°, Orlando 26°, San Francisco 12°, Stokkhólmur 1°.

Elísabet Margeisdóttir veðurfréttamaður


Polar Loop snjallarmband

19.990 kr. stgr.

Kynningarverð: **16.990 kr.**

Mælir hreyfingu, skref, brennslu og svefn allan sólahringinn. Armbandið er vatnshelt.

15%
kynningarafsláttur
fyrir viðskiptavini
Nova!



Vertu í bandi

Polar Loop og Nike+ FuelBand snjallarmböndin mæla virkni þína yfir daginn og hjálpa þér að ná markmiðum þínum. App fyrir iPhone og forrit í tölvuna fylgir.

Nike+ FuelBand SE

29.990 kr. stgr.

Kynningarverð: **25.490 kr.**

Mælir hreyfingu, skref og brennslu allan sólahringinn.

15%
kynningarafsláttur
fyrir viðskiptavini
Nova!



**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter

Kynningarafsláttur gildir aðeins fyrir viðskiptavini Nova.

VEISTU SVARID?



1. Hvar á Íslandi vill bandarískt fyrirtæki reisa sólar kísilverksmiðju?
2. Hvað voru margar steratöflur teknar í tollinum í fyrra?
3. Hvað heitir félagið sem vill fjármagna lagningu sæstrengs milli Íslands og Bretlands?

SVÖR:
1. Á Grundartanga.
2. 61.400.
3. Atlantic Supergrid.

Evrópusambandið hinkrar eftir útfærslu svissneska þingsins:

Fríverslun Sviss við ESB í húfi

SVISS Svisslendirar gætu átt á hættu að missa fríverslunarsamning við Evrópusambandið loki þeir á ríkisborgara aðildarríkjanna. Þeir gætu einnig misst aðra mikilvæga samninga, sem gætu ekki síður skaðað svissneskt efnahagslíf.

Evrópusambandið tekur niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Sviss um síðustu helgi alvarlega, en Svisslendirar samþykktu þar naumlega að setja strangar hömlur á það hve mörgum innflytjendum yrði leyft að koma til Sviss.

Útanríkisráðherrar nokkurra aðildarríkjanna sögðust þó ætla að bíða rólegir eftir því hvernig svissneska þingið útfærði ákvörðun þjóðarinnar í löggjöf. Eftir það yrði hægt að ræða hvaða áhrif það hefði á samskipti ESB við Sviss.

Sviss hefur gert fjölmarga tvíhliða samninga við Evrópusambandið á síðustu áratugum, auk fríverslunarsamnings frá 1972. Allir gætu verið í hættu, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir svissneskt efnahagslíf. -gb



INNFLYTJANDI Í SVISS Spænskur byggingaverkamadur vinnur að framkvæmdum hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í Genf. FRÉTTABLAÐIÐ/AF

Eldsvoðar í Danmörku:
Vita ekki hvað reykskynjari er

DANMÖRK Af 70 Dönnum sem létust í eldsvoða í fyrra voru 36 eldri en 66 ára. Ráðgjafi í málefnum eldri borgara segir ástæðuna þá að aldraðir látist frekar af völdum brunasára en þeir yngri, auk þess sem margir aldraðir viti ekki hvað reykskynjari er.

Í flestum tilfellum kviknar í út frá glóð úr sigarettu sem hefur dottið á gólfteppi eða í rúmið hjá hinum öldruðu. Oft gleymist að slökkva á kerti eða á plötu á eldavél. -ibs



VIÐ ÆGISGARÐ Bláskel í boði á Ægisgarði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fær reynsluleyfi í sumar:

Sjávarréttavagn við Suðurbugt

SKIPULAGSMÁL Faxaflóahafnir hafi samþykkt að fyrirtækið Arctic Seafood fái leyfi til að setja upp „sjávarréttavagn“ við Suðurbugt. Vagninn fær að vera við Ægisgarð til reynslu fram á næsta haust.

Forsvarsmadur Arctic Seafood segir fyrirtækið leiðandi í veiðum á vannýtum tegundum í Faxaflóa og nefnir makríl, grjótkrabba og bláskel. „Við erum fyrsta fyrirtækið til að veiða bláskel til manneldis, en í vetur fundum við nýttanleg svæði í Hvalfirði sem við unnum í neytendaumbúðir forsoðið og fryst.“ segir í bréfi til Faxaflóahafna. -gar

Diplómatapar ákært:

Börnin barin með bankara

SVÍPÍÓÐ Diplómatapar frá Malasíu, sem býr í Stokkhólmi hefur verið ákært fyrir óföldi gegn fjórum börnum sínum, öllum undir 15 ára aldri.

Foreldrarnir, sem setið hafa í gæsluvarðhaldi frá 18. desember, eru meðal annars grunaðir um að hafa mörgum sinnum barið börnin með trépnum, herðatrjá, teppabankara og belti.

Aðstoðarutanríkisráðherra Malasíu náði í börnin fyrir tveimur vikum. Þar er ekki ólöglegt að beita börn líkamlegum refsingum. -ibs

Purfa 80 MW í verksmiðjuna og hafa rætt við alla bankana

Silicor Materials þarf 80 megavött af raforku fyrir kísilverksmiðju á Grundartanga. Hefur rætt við Landsvirkjun frá því í haust og alla íslensku viðskiptabankana um fjármögnun. Ráðherra var kynnt verkefnið í sumar.

ÍDNADUR Verði af uppbyggingu nýrrar kísilverksmiðju Silicor Materials á Grundartanga þarf 80 megavött af raforku til verkmiðjunnar í fullum afköstum. Viðræður um orkukaup á milli Silicor og Landsvirkjunar standa yfir. Fulltrúar fyrirtækisins hafa komið til landsins til viðræðna við fjármálastofnanir, kynnt verkefnið fyrir Landsneti og sveitarstjórnarfólki, auk þess sem íslensk verkfræðistofa vinnur að umhverfisskýrslu.



RAGNHEIÐUR E. ÁRNADÓTTIR

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hafa forsvarsmenn bandaríska fyrirtækisins óskað eftir lóð á Grundartanga undir sólar kísilverksmiðju með um 16 þúsund tonna framleiðslugetu á ári. Slík verkmiðja er mannaflsfræk og skapar um 400 störf, en þá eru ótalín störf á byggingartíma verkmiðjunnar. Byggingarkostnaður er metinn um 77 milljarðar króna.


Helsta spurningin sem vaknar varðandi verkefnið eru aðdrættir orku og raforkuverð. Landsvirkjun staðfestir við Fréttablaðið að fyrirtækið eigi í viðræðum við fulltrúa Silicor Materials um verkefnið. Frekari upplýsingar er ekki hægt að gefa á þessum tímapunkti, að sögn Landsvirkjunar. Heimildir Fréttablaðsins herma hins vegar að viðræðurnar hafi hafist strax í haust. Orkuþörf verkmiðjunnar, sem byggð yrði upp í tveimur áföngum, er í kringum 80 megavött. Ný Búðarhálsvirkjun fram-

leiðir 95 megavött, til samanburðar.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, segir aðspurð hvort Silicor hafi rekið erindi við ráðuneytið, og hvort til greina komi einhverjar ívilnanir til að tryggja að fyrirtækið komi hingað, að Silicor hafi fundað með henni síðla sumars. „Við erum með hefðbundinn farveg varðandi ívilnanir og auðvitað kemur þetta verkefni til greina eins og önnur sambærileg verkefni,“ segir Ragnheiður en í gildi eru lög um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi.

Þrátt fyrir að verkefnið sé á byrjunarreit telja heimildarmenn Fréttablaðsins það athyglisvert að fulltrúar Silicor Materials hafa sest niður með öllum stóru viðskiptabönkunum til að ræða fjármögnun. Eins hefur verkefnið verið kynnt Landsneti, auk áður nefndra viðræðna við Landsvirkjun. Eins var fundað með heimamönnum í síðustu viku, auk þess sem VSÓ ráðgjöf vinnur að umhverfisskýrslu.

Gísli Gíslason, framkvæmdastjóri Faxaflóahafna, segir að verkefnið falli afar vel að uppbyggingarhugmyndum á Grundartanga. Verkefnið sé grænt og hóflegt magn orku þurfi til að skapa mörg hundruð störf. Verkefnið falli mjög vel að hugmyndafræði sem var mótuð í kjölfar umhverfisúttektar á Grundartanga í fyrra. svavar@frettabladid.is



GÍSLI GÍSLASON



Í **KANADA** Verkmiðja Silicor Materials í Kanada er heldur smærri en verkmiðjan sem horft er til að koma upp á Grundartanga. MYND/SILICOR

Ný aðferð umhverfisvæn og sparar orku

- Með nýrri aðferð Silicor er aðeins notaður um þriðjungur af þeirri orku sem notuð er í dag til þess að framleiða sólar kísil.
- Sú aðferð sem notuð er í dag hefur verið gagnrýnd, bæði sem orkufrek og vegna tilheyrandi mengandi efna sem falla til við framleiðsluna.
- Sú framleiðsluáætlun sem Silicor Materials notar byggist á því að „þvo“ óhreinindi úr kísilmálinum með fljótandi áli, og lífill sem enginn úrgangur fellur til. Kísillinn er leystur upp í álinu, síðan er blandað kældu að vissu marki, þannig að álið helst fljótandi en kísillinn fellur út. Þessi kísill er nógu hrein til þess að nota beint í sólarcellur.
- Álið sem notað er við „þvottinn“ er síðan selt aftur til álvers sem þynnir það út með viðbótaráli og býr til blöndu sem seld er til fyrirtækja í bifreiðaiðnaði.

Kvef?

Nýtt lyf sem verkar bæði gegn nefstíflu og nefrennsli

Otrivin® Comp

Andaðu með nefinu

Otrivin Comp, nefúði, lausn. Innihaldslysing: Xylometazólinhýdróklóríð 0,5 mg/ml og ipatrópiumbromíð. **Ábendingar:** Einkenni nefstíflu (þrúttinn nefslímhúðar) og nefrennsli af völdum kvefs. **Skammtar og lyfjagjöf fyrir fullorðna eldri en 18 ára:** 1 úðaskammtur í hvora nös eftir þörfum, að hámarki þrisvar á sólarhring. Að minnsta kosti 6 klukkustundir skulu líða milli tveggja skammta, draga skal úr skömmtum þegar einkenni lagast. Ekki má nota Otrivin Comp lengur en 7 daga þar sem langvarandi notkun xylometazólinhýdróklóríðs getur leitt til bólgu í nefslímhúð og aukinnar slímmyndunar. Snýttu þér. Fjarlægðu glæru plasthettuna. Skorðuðu úðaflöskuna milli fingrana. Úað er með því að þryta kraganum niður að flöskunni. Hallaðu höfðinu örtítt fram. Stúturinn á úðaflöskunni er settur upp í nösina. Úað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn um nefið. Farðu eins að í hina nösina. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ónæmi fyrir einhverju innihaldsefnum, ónæmi fyrir atropíni eða svipuðum efnum (t.d. hyoscýamín eða skópólamín), ef þú hefur gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða munninn, ef þú ert með netþurrk vegna slímhúðarþölgu eða ert með gláku. **Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert:** Þunguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenergum efnum, hjarta- eða æðasjúkdóm, skjaldvakaóhóf, sykursýki, háþrýsting, erfíðleika við þvæglát (stækkaðan blöðruhálskirtil), æxli í nýrnahettum, ef þú færð oft blöðnasir (t.d. aldraðir), ert með þarmalömun, slímseigisjúkdóm, þunglyndi og ert á lyfjameðferð við því. **Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarléiðbeiningar í fylgiseðli.** Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabær.

Nýtt!
2:1



SIMPLY CLEVER

ŠKODA



MEST SELDI BÍLL Á ÍSLANDI 2013



Nýr ŠKODA Octavia Combi

Bandalag íslenskra bílablaðamanna (BÍBB) valdi **ŠKODA Octavia** bíl ársins á Íslandi 2014. Auk þess að vera sigurvegari í flokki stærri fólksbíla fékk **ŠKODA Octavia** hæstu einkunn af þeim níu bílum sem öttu kappi í lokaúrslitunum. Þessi úrslit ættu ekki að koma Octavia-eigendum á óvart, enda hefur það sýnt sig að **ŠKODA Octavia** er með allra hagkvæmustu, öruggustu, þægilegustu og sparneytnustu bílunum í sínum flokki. Það kemur því ekki á óvart að **ŠKODA Octavia** var mest seldi bíll á Íslandi árið 2013.

ŠKODA Octavia Combi
kostar frá 3.970.000,-



Eyðsla frá 3,8 l/100 km



CO₂ frá 99 g/km



5 stjörnur í árekstrar-
prófunum EuroNcap



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



HÁSKÓLINN Á AKUREYRI BioPol og Háskólinn á Akureyri ætla að starfa áfram saman.

BioPol og HA gera samning:

Samstarfinu haldið áfram

NÝSKÖPUN Nýsköpunar- og sprotafyrirtækið BioPol ehf. á Skagaströnd og Háskólinn á Akureyri, sem hafa starfað saman í sex ár við rannsóknir á sjávarlíftækni, hafa skrifað undir áframhaldandi samstarfssamning.

Velta sameiginlegra verkefna þeirra hefur verið yfir tíu milljónir króna á ári. BioPol hefur unnið að verkefnum sem meðal annars hafa miðað að því að kortleggja vanýtt tækifæri til verðmætasköpunar innan íslensks sjávarútvegs. Háskólinn á Akureyri hefur boðið upp á meistaranám í sjávarútvegs- og auðlindafræðum. Kennslan hefur farið fram í samstarfi við innlend sjávarútvegsfyrirtæki og fyrirtæki í tengdum greinum, þar á meðal BioPol.

- fb

SKIPULAGSMÁL

Gullfoss í báðum hreppum

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps hefur gert athugasemd við tillögu Bláskógabyggðar um deiliskipulag fyrir friðlandið Gullfoss. Segja Hrunamenn eðlilegra að skipulagssvæðið endi við árbakka vestan megin Hvítar því Gullfoss tilheyrir bæði Hrunamannahreppi og Bláskógabyggð.

Beittir misrétti um árabíl

Skipuleggjandi mótmæla á Austurvelli segir að enginn annar þjóðfélagshópur hafi mátt setta sig við eins mikil brot á friðhelgi einkalífsins og öryrkjar. Formaður ÖBÍ segir ekkert tillit hafa verið tekið til umsagnar.

SAMFÉLAGSMÁL Deilan um breytingu á lögum um almannatryggingar sem nýverið tók gildi felst ekki aðeins í skiptum skoðunum á auknum heimildum til eftirlits til handa Tryggingastofnun ríkisins (TR) til að stemma stigu við bótasvikum, heldur um misrétti sem öryrkjar hafa þurft að þola í þessu sambandi um árabíl. Þetta segir Helga Björk Grétudóttir, sem stóð fyrir mótmælum á Austurvelli í gær.

„Það er rætt um einhverjar smábreytingar á lögum,“ segir Helga, „en við erum búin að segja í mörg ár að í þessum lögum felst mismunur og mannréttindabrot varðandi öryrkja og friðhelgi einkalífs.“ Engir hópar þurfi að setta sig við eins mikið eftirlit.

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) sendi inn umsögn þegar málið var til umfjöllunar í velferðarnefnd Alþingis.

Þar segir meðal annars: „Það er mat ÖBÍ að með ákvæðum frumvarpsins um upplýsingaskyldu og eftirlitsheimildir opinberra aðila sé gengið of langt í skerðingu friðhelgi einkalífs.“

Þá segir ÖBÍ að ein grein frumvarpsins, sem laut að því að heimila, þegar rökstudd-

ur grunur leikur á því að bótaréttur sé ekki fyrir hendi, að fresta greiðslum meðan mál er rannsakað, færi TR of mikið vald.

„Hér telur ÖBÍ réttast að meðalhófs verði gætt, þannig að refsingu sé ekki beitt þar sem dómur hefur ekki verið felldur,“ segir í umsögninni.

Öryrkjum finnst sem þeim tilmælum hafi ekki verið svarað í framhaldinu.

„Það var í raun ekki tekið tillit til okkar umsagnar og við erum vitanlega ekki sátt við það,“ segir Ellen Calmon, formaður ÖBÍ, í samtali við Fréttablaðið.

Helga segir að fólk vilji einfaldlega láta taka umrædda mismunur út, en það virðist ekki komast til skila.

„Það er verið að agnúast út í einstakar greinar, en málið snýst um að árum saman hafi verið hér mismunur þar sem Tryggingastofnun getur farið inn í alla okkar reikninga, en ekki hjá öðrum hópum.“

Sárafáir þingmenn komu út á Austurvöll til fundar við mótmælendur, en Helga segir auðvelt að skýra það. „Þeir þora ekki að tala við okkur. Þeir vita upp á sig skömmina.“

thorgils@frettabladid.is



SKÝR SKILABÖÐ Þessi var meðal mótmælenda á Austurvelli í gær. Þar var frekar fámennnt, en þess var krafist að frekara tillit yrði tekið til krafna öryrkja um friðhelgi einkalífsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þíratar báðust afsökunar

- Tveir þingmenn Þírata, þau Helgi Hrafn Gunnarsson og Birgitta Jónsdóttir, sáu eftir því að hafa greitt frumvarpinu atkvæði sitt eftir að þau glöggvudu sig á eftirlitsheimildunum sem í þeim fólust. Þau báðust afsökunar og Birgitta ætlaði að athuga hvort hún gæti fengið atkvæði sínu snúið við eftir á.
- Fram kom í úttekt Ríkisendurskoðunar á síðasta ári, að leiða mætti líkur að því að hálfur fjórði milljarður króna færi í bótasvik á ári hverju.
- Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, sagði á bloggsíðu sinni um auknar eftirlitsheimildir að: „Þeir fjármunir sem greiddir eru úr sameiginlegum sjóðum okkar eiga að fara til þeirra sem eiga rétt á þeim. Bótasvik eru einfaldlega þjófnaður og skaða okkur öll. Því tel ég að þingmenn sem studdu lagabreytinguna geti verið bæði stoltir af sinni vönduðu vinnu og stuðningi sínum við málið.“

ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT

CLIO DÍSil
3,4 L/100 KM*

RENAULT CLIO – VERÐ FRÁ 2.440.000 KR.

Renault Clio er einn vinsælasti bíllinn á Íslandi. Þegar falllegt útlit, ríkulegur staðalbúnaður, úrval sparneytinnar bensín- og dísilvéla, hagstætt verð og einstök ný „Dual Clutch“ sjálfskipting smellur saman er ástæðan augljós. Komdu og reynsluaktu nýjum Renault Clio.

*Miðað við uppgæfna viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

FRÍTT Í STÆÐI Á
MIÐBORGARSVÆÐINU



www.renault.is



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

Dagur íslensks táknmáls

íslenskt táknmál - traustur grunnur - blómstrandi menning



Jafnrétti stuðlar að virkum tækifærum á öllum sviðum í þjóðfélaginu. Verum vakandi og stöndum vörð um jafnréttið. Jafnrétti fyrir alla!

Eftirtalin fyrirtæki styðja dag íslensks táknmáls:



Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga



Skeifunni 3 - Sími: 588 5080 - dynjandi.is



Hafnarfjarðarbær segist þegar hafa borgað allt fyrir sína fjórtán nemendur:

Klettaskóli kaupi sjálfur tölvur

SKÓLAMÁL „Með hverjum hafnirskum nemanda í Klettaskóla greiðir Hafnarfjarðarbær fullt gjald. Inni í þeirri upphæð á að vera allur kostnaður við nemandann, þar með talinn kennslubúnaður eins og spjaldtölvur,“ segir fræðsluráð Hafnarfjarðar sem hafnaði beiðni um að styðja kaup á spjaldtölvum í Klettaskóla.

Reykjavíkurborg rekur Klettaskóla sem kom í stað Safamýrar- og Óskjuhlíðarskóla á árinu 2011 og þjónar nemendum með þroska- hömlun og fjölfötun á grunnskóla-



KLETTASKÓLI „Að nemendur geti lært á og nýtt sér slíka tækni í skólanum er mikill fjársjóður inn í þeirra framtíð,“ segir Klettaskóli sem vill kaupa spjaldtölvur fyrir nemendur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

stigi. Fjórtán af 109 nemendum skólans eru úr Hafnarfirði.

„Vegna fjárskorts hefur Klettaskóla gengið hægt að eignast nægilega margar iPad-spjaldtölvur til að nýta ríkulega nútímatækni í kennslu nemenda og útfæra þá stefnu að nemendur skólans geti unnið með og nýtt sér þá tækni sem nútímasamfélag býður upp á,“ segir í styrkbeiðni skólans. Fram kemur að nemendur með mikla hreyfihömlun eigi tiltölulega auðvelt með að stjórna iPad.

- gar



DÖNSK LÖGREGLA Engin svör fást hjá fangelsinu eða lögregluvöldum í Horsens um af hverju Hjördís var skyndilega sett aftur í gæsluvarðhald. Ekki er vitað til þess að dómsúrskurður liggi fyrir.

NORDICPHOTOS/AFP

Hjördís aftur sett í fangelsi

Hjördís Svan var handtekin í gærmorgun í Horsens en hún var dæmd í farbann í síðustu viku. Aðstandendur hafa enga útskýringu fengið á fyrirvaralausú varðhaldi.

DÓMSMÁL Þegar Hjördís Svan Aðalheiðardóttir mætti á lögreglustöð til að tilkynna sig í gærmorgun, en hún er í farbanni í Horsens og ber að tilkynna sig á hverjum degi, var hún fyrirvaralaust sett í varðhald án útskýringa.

Hún fékk að hringja eitt símtal, eins og vaninn er, en samkvæmt heimildum blaðsins veit hvorki Hjördís sjálf né aðstandendur hennar hvers vegna eða hve lengi hún verður höfð í varðhaldi. Enginn hefur heyrt í Hjördísi frá því í gærmorgun.

Hvorki Fréttablaðið né aðstandendur Hjördísar hafa náð í lögmennt Hjördísar á Íslandi til að fá útskýringar á handtökunni, sendiherrann í Kaupmannahöfn þekkti ekki til málsins og dönsk lögregluvöld gefa engar upplýsingar. Danskur lögmaður Hjördísar var ekki viðstaddur handtökuna og þekkti ekki til málsins þegar náðist í hann eftir hádegi í gær.

Samkvæmt lögum má aðeins halda Hjördísi í 24 klukkustundir í varðhaldi án dómsúrskurðar en eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu krafðist saksóknari fjögurra vikna gæsluvarðhalds þegar Hjördís var leidd fyrir dómara í síðustu viku. Dómari hafnaði kröfunni og dæmdi Hjördísi í farbann. Saksóknari áfrýjaði málinu en ekki er vitað til þess að Landsréttur sé búinn að kveða upp úrskurð, að minnsta kosti hafa Hjördís, danskur lögmaður hennar og

aðstandendur ekki verið upplýst um það.

Heimildir Fréttablaðsins herma að saksóknari hafi viljað gæsluvarðhald því að á meðan á því stæði yrðu börnin þrjú sótt til Íslands. Faðir barnanna, Kim Laursen, er forsjaradili þeirra og að sögn lögmanns hans, Láru V. Júlíusdóttur, er ekkert sem ætti að standa í vegi fyrir að hann komi til Íslands og sæki börnin án dómsúrskurðar. „Það er aftur á móti annað mál hvernig hann myndi nálgast stelpurnar, en hann gæti óskað aðstoðar lögreglu,“ segir Lára.

Lára hefur áður sagt við Fréttablaðið að barnaverndarnefnd eigi að nálgast börnin og senda til Danmerkur. Lögmenn Hjördísar mótmæltu þessu í yfirlýsingu þar sem fram kemur að barnaverndaryfirvöld á Íslandi eigi ekki aðkomu að málinu enda sé enginn ágreiningur um að velferð barnanna sé borgið.

Fréttablaðið hefur þó heimildir fyrir því að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafi eftirlit með börnunum og sé í samskiptum við móðurfjölskyldu Hjördísar, þar sem börnin dvelja. Framkvæmdastjóri barnaverndarnefndar gat ekki tjáð sig um einstök mál en sagði að almennt gæti verið í verkahring nefndarinnar að skoða hvort aðstæður væru í lagi þegar börn eru skilin eftir á Íslandi án forsjaradila.

erlabjorg@frettabladid.is



Frumkvöðlasjóður Íslandsbanka auglýsir eftir umsóknum um styrki

Frumkvöðlasjóður Íslandsbanka styrkir verkefni á sviði umhverfismála með sérstakri áherslu á endurnýjanlega orku, sjálfbæran sjávarútveg og verndun hafsvæða. Markmið sjóðsins er að hvetja til nýsköpunar og þróunar á þessum sviðum.

Heildarupphæð úthlutunar er allt að fimm milljónum króna. Nánari upplýsingar um sjóðinn og úthlutunarreglur hans má finna á vef Íslandsbanka.

Umsóknum skal fylgja, eftir því sem við á:

- Greinargóð lýsing á verkefninu
- Verk- og tímaáætlun
- Ítarleg fjárhagsáætlun
- Upplýsingar um aðra fjármögnun verkefnis
- Ársreikningur
- Upplýsingar um eignarhald og rekstrarform

Úthlutunardagur er 2. apríl 2014

Sækja skal um á vef bankans til og með 3. mars 2014

www.islandsbanki.is/frumkvodlasjodur

Við bjóðum góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000



Íslandsbanki



Baðinnrétting frá 60 til 120 cm



Baðinnrétting 100x46 cm



Heilir sturtuklefar 70x70, 80x80 og 90x90 cm.



Baðinnréttingar
Sturtuklefar
Frábær verð!



Opið virka daga frá 9 til 18 laugardaga 11 til 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332



EYÐILEGGING Drónarnir bera með sér öflug sprengiefni, líkt og sjá má á þessum ummerkjum eftir árás í Pakistan á síðasta ári. NORDICPHOTOS/AFP

Aðferðum NSA lýst í leyniskjölum frá Snowden:

Skjóta á farsímana

BANDARÍKIN Her og leyniþjónusta Bandaríkjanna notast við upplýsingar um staðsetningu farsíma, fengnar úr fólum Þjóðaröryggisstofnunarinnar (NSA), þegar teknar eru ákvarðanir um drónaárásir á einstaklinga í Pakistan og víðar um heim.

Þetta kemur fram í grein eftir bandarísku blaðamennina Jeremy Scahill og Glenn Greenwald á splunkunýrri fréttasíðu þeirra, The Intercept, sem fyrst um sinn verður einkum notuð til að koma á framfæri upplýsingum úr leyniskjölum úr fólum uppljóstrarans Edwards Snowden.

Fullyrt er að sjaldnast sé leitað staðfestingar á því að einstaklingar, sem ákveðið hefur verið að drepa, séu í raun staddir á staðnum sem árs er gerð á. Þess í stað er látið nægja að SIM-kort úr farsíma, sem talið er að viðkomandi hafi notað, hafi verið staðsett. Vandinn er sá að hinir herskáu menn, sem Banda-



GLENN GREENWALD

ríkin eru á höttunum eftir, eru ekki alltaf með símann sinn á sér. Sumir hafa kannski lánað vinum sínum eða ættingjum símann, en aðrir skiptast reglulega á SIM-kortum gagnert til þess að villa um fyrir Bandaríkjamönnum.

Miklar líkur eru því til þess að einhverjir allt aðrir einstaklingar verði fyrir árásum, auk þess sem sjaldnast hefur verið reynt að ganga úr skugga um að saklausir séu ekki á staðnum þegar árás er gerð.

Scahill og Greenwald hafa þetta bæði eftir fyrirverandi sérveitarmanni, sem hefur reynslu af því að stjórna drónaárásum, og úr leyniskjölum frá NSA sem Snowden hafði afritað og lekið til blaðamanna. - gb

Krabbameinsfélagið vill að samningi sé framfylgt:

Styður breytt skipulag krabbameinsleitar

HEILBRIGÐISMÁL Stjórn Krabbameinsfélags Íslands kveðst í yfirlýsingu treysta Kristjáni Oddssyni, yfirlækni leitar sviðs Krabbameinsfélagsins, fullkomlega til að framfylgja samningi félagsins við heilbrigðis-yfirvöld um leit að leghálskrabbameini.



JAKOB JÓHANSSON

Aldursmörkum leitar vegna leghálskrabbameins var nýlega breytt. Í stað þess að hefja leitina við 20 ára aldur byrjar hún nú við 23 ára aldur og er gerð á þriggja ára fresti til 65 ára aldurs. Þessar breytingar gagnrýndu tveir læknar í grein í Lækna-bláinu. Vilja greinarhöfundar, Kristján Sigurðsson, fyrirverandi

yfirlæknir leitar sviðs Krabbameinsfélagsins, og Reynir Tómas Geirsson, yfirlæknir kvennadeildar Landspítalans, að áfram verði byrjað að leita við 20 ára aldur.

Í yfirlýsingunni, sem Jakob Jóhannsson, formaður stjórnar Krabbameinsfélagsins, skrifar undir, er bent á að í nágrannalöndunum hefjist leitin ekki fyrr en við 23 ára aldur en við 21 árs aldur í Bandaríkjunum.

Til þess að gera leitina enn hnitmiðaðri hvetur stjórnin heilbrigðis-yfirvöld til að stuðla að því að hafin verði mæling á HPV-veirum í sýnum frá leghálsinum sem fyrst. - ibs

KJARAKAUP

Notaðir gæðabílar á einstöku verði.

Nú gefst tækifæri til að eignast notaðan bíl á sérstökum kjörum.



Afsláttur: 800.000

MM Pajero 3,2 Instyle
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 30.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 8.790.000

KJARAKAUP: 7.990.000



Afsláttur: 600.000

Audi A4 2,0 TDI
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 35.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 5.290.000

KJARAKAUP: 4.690.000



Afsláttur: 360.000

Chevrolet Lacetti
1800 station Árgerð 2010, bensín
Ekinn 42.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 1.950.000

KJARAKAUP: 1.590.000



Afsláttur: 960.000

Toyota Land Cruiser
150 GX Árgerð 2012, dísil
Ekinn 67.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 8.550.000

KJARAKAUP: 7.590.000



Afsláttur: 560.000

VW Tiguan Trend&Fun
2.0 TDI Árgerð 2012, dísil
Ekinn 61.500 km, beinskiptur
Ásett verð: 4.550.000


KJARAKAUP: 3.990.000



Afsláttur: 450.000

Suzuki Grand Vitara
Premium+ Árgerð 2011, bensín
Ekinn 91.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 3.590.000

KJARAKAUP: 3.140.000



Afsláttur: 400.000

Toyota RAV4 GX plus
Árgerð 2013, bensín
Ekinn 21.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 5.770.000

KJARAKAUP: 5.370.000



Afsláttur: 350.000

Hyundai I30 Classic II
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 30.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 2.690.000

KJARAKAUP: 2.340.000



Afsláttur: 400.000

Audi A4 2.0 TDI 6 gíra
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 54.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 4.190.000

KJARAKAUP: 3.790.000



Afsláttur: 400.000

VW Tiguan Track&Style
2.0 TDI Árgerð 2012, dísil
Ekinn 36.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 5.890.000

KJARAKAUP: 5.490.000

KAUPTU FJÓRAR FÁÐU SEX

HLEÐSLA Í FERNU MEÐ SÚKKULADIBRAGÐI

HLEÐSLA 100% HÁGÆDA PRÓTEIN

Kíkið inná:
heklanotadibirar.is



NOTAÐIR BÍLAR

Komdu og skoðaðu úrvalið!

Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 12-16

Skiptir listrænn metnaður engu máli?

Listin 2 – gróði 14

Borgarleikhússtjórinn er orðinn útvarpsstjóri og þjóðleikhússtjórinn hættir í haust. Það eru því breytingar framundan í báðum stóru leikhúsum og eðlilega er fólk farið að velja því fyrir sér hverjir væru heppilegir kandiðatar í djobbin. Ýmsir eru nefndir, en það sem mesta athygli vekur er að þeir sem til greina þykja koma þurfa helst að hafa menntun í menningarstjórnun, minna virðist skipta að þeir hafi listrænan metnað eða hafi sýnt að þeim sé annt um endurnýjun og framþróun íslensks leikhússlífs.



Friðrika Benónýsdóttir

fridikab@frettabladid.is

Á hinu bráðskemmtilega vefriti Reykvélinni fóru fyrir skemmstu fram umræður um hverjir myndu hreppa hnossin og þar var ríkjandi þessi tilhneiging til að útiloka alla sem ekki hafa MBA-gráðu, þótt þátttakendur haldi því raunar fram að það hafi verið paródía

á umræðuna almennt. Karl Ágúst Þorbergsson skrifar góðan pistil á Reykvélina í tilefni umræðnanna og segir meðal annars: „Mér finnst hins vegar athyglisvert að umræða innan geirans, á meðal listafólksins, snýst meira um markaðsfræði og kortagesti en hvaða listrænu möguleikar felast í þessum lausu stöðum.“ Það er virkilega umhugsunarvekjandi.

Þessi umræða er svo sem ekki bundin við leikhússtjóra-stöðurnar. Hvað eftir annað á undanförunum árum hefur listafólk beitt sér fyrir umræðum og málþingum um það hversu miklu hinar skapandi greinar skili til þjóðarþúsins í beinhörðum peningum. Umræða um listrænt gildi og þá ögrun sem í listinni á að felast hefur eiginlega alveg horfið í skuggann. Vissulega skýrist þessi umræða að stórum hluta af því hve þrengt hefur verið að skapandi greinum í fjárfraumlögum ríkisins, en skýringarinnar er ekki eingöngu að leita þar. Hin mjög svo niðrandi og skilningssljóa skoðun að listir séu dútl og hobbí sem almennilegt vinnandi fólk eigi að líta niður á virðist hafa skotið rótum í hugskoti listamanna sjálfra og þeim virðist meira í mun að sanna að þeir séu að skaffa peninga en að þeir séu að skapa góða list. Það er frekar óhugnanleg þróun. Ef listamennirnir sjálfir hætta að trú á gildi listarinnar sem byltandi afls í samfélaginu erum við virkilega búnir að selja Satan sál okkar.

Auðvitað er engan veginn þar með sagt að hugsunin um arðbærni drepi sjálfkrafa listrænan metnað, en þessi braut er samt ansi hættuleg. Það ætti að vera hægt að búa til blöndu sem virkar með hæfilegum hlutföllum af metnaði og gróðafíkn, en það eru samt voðalitr sénsar teknir almennt í íslenskum leikhúsum, bókaútgáfu og svo framvegis, og hagnaðarvonin virðist æði oft taka völdin. Reyndar virðist mælikvarðinn á gildi íslenskra rithöfundu algjörlega vera farinn að snúast um framgang þeirra erlendis, en það er önnur og þó náskyld Ella. Listin sem markaðsvara fyrst og fremst virðist vera boðorð nútímans og engin teikn eru á lofti um að sú mantra sé á förum. Væri ekki ráð að nota þessa óvenjulegu stöðu í íslensku leikhúslífi til að starta umræðum og málþingum um hlutverk leikhúsanna, framtíðarstefnu og áherslur? Og í framhaldi af því að ráða leikhússtjóra sem hafa skýra stefnu í þeim málum.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Fimm ára gamalt mjöl

Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, svaraði fyrirspurn Marðar Árnasonar, þingmanns Samfylkingarinnar, um hvalamjöl og hvalabjór Brugghúss Steðja ehf. í gær. Ráðherra hafði frestað réttaráhrifum ákvörðunar Heilbrigðis-eftirlits Vesturlands um sölustöðvun og innköllun hvalabjórins þar sem „óvissa“ ríkti um lagagrundvöll hennar. Meðfylgjandi svári ráðherrans eru umsagnir Matvælastofnunar og Heilbrigðiseftirlits Vesturlands um málið. Báðar stofnanirnar telja að rétt hafi verið



Teprur

Alþingismennirnir okkar verða varla sakaðir um tepruskap eftir gærdaginn en þá lagði Líneik Anna Sævarsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, fram fyrirspurn til heilbrigðisráðherra um februnar- og lýtaaðgerðir á kynfærum kvenna. Þar var spurt meðal annars hversu margar lýtaaðgerðir væru gerðar árlega á kynfærum kvenna og

hversu margar þeirra á skapabörnum. Einnig hversu margar aðgerðir væru til þrengingar á leggöngum og hversu margar hvíttunaraðgerðir í kringum endaparm og kynfæri. Það er líklegast óumdeilt að þróun þessara mála er úggvænleg, sér í lagi ef svar heilbrigðisráðherra leiðir í ljós mikla fjölgun á þessu sviði. Það er hins vegar óeitanlega tilhökkunarefni þegar svar við fyrirspurninni liggur fyrir að fylgjast með umræðu um málið meðal þingmanna á hinu háa Alþingi. fanney@frettabladid.is



HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Skammtað úr krepptum hnefa

MENNTUN



Líf Magneudóttir fulltrúi VG í skóla- og frístundaráði Rvk.

Skólastarfi í leik-, grunn- og framhaldsskólum hefur þurft að þola óvægin niðurskurð eftir hrun og fyrir hrun kröfðu stjórnvöld skólasamfélagið um aðhald og sparnað í rekstri. Það er því ekki hægt að segja að skólar hafi verið ofaldir af því fjármagni sem þeim var úthlutað í „góðærinu“. Störf kennara verða sífellt flóknari og á þá bætast sífellt fleiri skyldur. Hávær krafa er um árangur og framfarir í skólastarfi en stjórnvöld halda alltaf fastar og fastar um pyngjuna.

Tvö nýleg dæmi benda til þess að stjórnvöld hafi, og hafi lengi haft, rangar áherslur í menntamálu. Um daginn lýsti menntamálaráðherra því yfir að hann vildi hækka laun framhaldsskólakennara. Í fyrstu fagnaði ég, því það er löngu orðið tímabært. En svo runnu á mig tvær grímur. Til þess að hækka laun þeirra ætla hann að fækka þeim. Annað dæmið eru leikskólasameiningar í Reykjavík. Þá fækkaði meirihluti Samfylkingar og Besta flokks störfum leikskólustjóra í Reykjavík með því að sameina leikskóla. Störf leikskólakennara og -stjórnenda eru síður en svo hálaunastörf og með aðgerðunum sendi meirihlutinn köld skilaboð til einnar mikilvægustu starfstéttar samfélags-

→ Störf kennara verða sífellt flóknari og á þá bætast sífellt fleiri skyldur. Hávær krafa er um árangur og framfarir í skólastarfi en stjórnvöld halda alltaf fastar og fastar um pyngjuna.

ins. Þessi afstaða stjórnvalda felur bæði í sér skammstími og virðingarleysi við fræðslu- og umönnunarstörf.

Starf kennarans er margþætt. Fyrir utan að miðla þekkingu og fræðslu taka kennarar líka þátt í að móta og styrkja félagsþroska, færni og velferð nemenda sinna. Kennsla er mannlegt fag og árangurinn oft illmælanlegur. Það dylst hins vegar engum, sem vill vita, að störf kennara eru ein mikilvægasta atvinnugrein samfélagsins, sú arðbærasta og sú sem skilar hvað mestri velferð til lengri tíma titið, ef vel er að henni staðið. Með því að fjárfesta í samfélagi velsældar og framfara, þar sem börn fá athygli og menntun við hæfi, þurfum við að lyfta kennarastarfinu upp og veita kennurum faglegt frelsi. Við þurfum því fleiri menntaða kennara á betri launum. Hvenær ætla stjórnvöld að átta sig á því?

Hring eftir hring

HEILSA

Teitur Guðmundsson lækni



Það kannast sennilega flestir við það að fá svima enda býsna algengt vandamál. Þeir sem eru hraustir og hafa enga undirliggjandi sjúkdóma fá slíkt endrum og byggir en alla jafna gengur sviminn niður með því að setjast niður, hvílast, drekka eða borða eitthvað. Skýringin á því er í raun býsna einföld og byggir á því að undir ákveðnum kringumstæðum getur orðið skammvinn blóðflæðiröskun um heilann sem veldur slíkum einkennum, það köllum við blóðþrýstingsfall. Í sumum tilvikum er það svo alvarlegt að viðkomandi getur sortnað fyrir augum og liðið út af, en oftast er ekki finna þessir einstaklingar fyrir svimatilfinningu á undan.

Hið sama getur átt við ef fyrir einhverjar sakir við fáum sykurfall sem þýðir í raun að líkaminn hefur um skamma stund ekki nægjanlega orku til að keyra kerfið ef svo má segja, þá kemur oft fram svimi í byrjun. En líkt og gerist þegar við missum blóðþrýsting getur sykurfall valdið því að viðkomandi missir meðvitund. Hvort tveggja getur verið mjög dramatískt en einstaklingurinn jafnar sig yfirleitt mjög fljótlega ef hann fær viðeigandi meðferð.

Konur líklegri en karlar

Mjög mörg önnur vandamál geta valdið svimatilfinningu, jafnvægisleysi og ógleði, sem veldur því

að fólk leitar til læknis og má þar nefna háan blóðþrýsting, vöðvabólgu, kvíða og andlega vanlíðan svo dæmi séu tekin og svo má auðvitað ekki gleyma áfengisneyslu. Talið er að allt að 20-30% einstaklinga fái svima, þeir eru á öllum aldri en konur eru líklegri en karlar til að fá slíkt. Það eru ansi margar heimsóknir á bráðamóttökur vegna þessara einkenna, en sums staðar hafa tölur allt að 3% allra ástæðna verið á þessum grunni. Búið er að skilgreina orsakir svimans almennt í miðlægar eða útlægar sem er að vissu leyti erfitt að átta sig á sem leikmaður, en þar er átt við hvort upptökin eigi sér stað í miðtaugakerfinu eða utan þess.

Dæmi um útlægan svima eru einnig þau algengustu en þar ber helst að geta góðkynja stöðusvima, sýkingar í innra eyra af völdum veiru eða bakteríusýkinga eða bólgu í heyrnartaug auk þess sem áverkar á höfði og notkun ákveðinna lyfja getur skipt máli. Einkenni geta komið skyndilega en almennt má segja að einstaklingurinn finni fyrir versnun yfir einhvern tíma, geti jafnvel útleyst einkenni sjálfur eða lagað þau eftir því í hvaða stellingu hann er. Það er klassískt við stöðubundinn svima og byggir það á innri eyrnagöngum sem eru stór hluti af jafnvægiskerfinu. En fyrir utan þau notum við nema í hálsinum og augun til þess að halda jafnvæginu. Meðferðin getur verið af ýmsu tagi en byggir oftast nær á því að laga misræmi í innri eyrnagöngum, notast við bólgueyðandi eða sýkladrepandi lyf auk þess að gefa þessu tíma.

Ef vandinn er bráður

Þegar við fáum svima sem bygg-

Talið er að allt að 20-30% einstaklinga fái svima, þeir eru á öllum aldri en konur eru líklegri en karlar til að fá slíkt.

ist á miðlægrri orsök kemur hann skyndilega og er oftast ekki um að ræða bráðablóðþurrð eða blæðingu í heilastofni eða litla heila. Stundum byggjast einkenni á æxlisvexti eða breytingum á heilavef í hrörnunarjúkdómum. Þessu fylgja iðulega fleiri miðtaugakerfiseinkenni samanber taltruflun eða sjóntruflanir, jafnvel algert jafnvægisleysi þannig að viðkomandi á erfitt með að standa, hvað þá ganga, og yfirleitt lagast einkenni lítið þrátt fyrir að breytt sé um stellingu. Oftsinnis fylgir líka mikil ógleði og uppköst.

Það er því ekki alveg sama hvaðan sviminn kemur né heldur hversu brátt þarf að bregðast við. Almennt er hægt að segja að líkurnar á að ungrir einstaklingar sem eru hraustir fyrir séu ólíklegri til að eiga við alvarlegan vanda í miðtaugakerfinu að etja og ættu að leita læknis á heilsugæslustöð eða hjá öðrum sérfræðingum. Hættan á blæðingu, blóðtappa eða alvarlegri sjúkdómum eykst með aldri og er mikilvægt að muna það þó fyrir alla aldursþópa að ef svimi byrjar skyndilega án nokkurs fyrirvara, sérstaklega ef honum fylgja mikil almenn einkenni til viðbótar eins og ógleði, jafnvægisleysi eða meðvitundarskerðing er mikilvægt að láta skoða sig sem fyrst á sjúkrahúsi þar sem þörf er á sérhæfðri myndgreiningu og meðferð ef um bráðan vanda er að ræða.

Dagur íslenska táknmálsins

Í dag, 11. febrúar 2014, er degi íslenska táknmálsins fagnað í annað sinn. Í kjölfar laga frá árinu 2011 um íslenska tungu og íslenskt táknmál kom mennta- og menningarmálaráðherra á fót Málnefnd um íslenskt táknmál og lagði nefndin til að íslenska táknmálið fengið sinn eigin dag til samræmis við dag íslenskrar tungu. Stofndagur Félags heyrnarlausra, 11. febrúar, varð fyrir valinu.

TUNGUMÁL



Rannveig Sverrisdóttir lektor við HÍ og nefndarmaður í Málnefnd um íslenskt táknmál

Íslenskt táknmál er fyrsta mál um 2-300 Íslendinga en töluvert fleiri tala það sem annað mál, annaðhvort í vinnu eða heima fyrir. Tengsl menningar og máls eru óumdeild og því eiga þeir sem tala íslenskt táknmál sem fyrsta mál sinn sérstaka menningarheim sem mótast hefur af sögu táknmálsins og málsamfélagsins í árunna rás. Þeir sem búa á Íslandi og tala íslenskt táknmál, eiga þó líka annan menningarheim, menningarheim íslenskuunnar og er rituð íslenska þeirra annað mál. Í dag, á degi íslenska táknmálsins, standa Málnefnd um íslenskt táknmál og Rannsóknarstofa í táknmálsfræðum fyrir málþingi um mót þessara tveggja heima og um ávinning samfélagsins af táknmáli og menningarheimi þess.

Mismunandi milli landa

Sú ranghugmynd að táknmál sé alþjóðlegt er sterk í hugum manna og virðist erfitt að leiðrétta þá hugmynd. Staðreyndin er hins vegar sú að táknmál eru mismunandi á

milli landa og þjóða og eru fjölbreytt eins og raddmálin. Fyrir rúmum 50 árum færði bandaríski málfræðingurinn William Stokoe sönnur á það að ASL, bandaríska táknmálið, væri fullkomið mál sem lyti í grunninn sömu lögmálum og önnur tungumál, þ.e. raddmál. Áður en Stokoe birti sínar rannsóknir var almennt talið að táknmál væru ekki tungumál heldur einungis látbragð. Mörg ár og jafnvel

áratugi tók að riðla þeirri hugmynd og sífellt þurfti að færa rök fyrir því að táknmál væru mál. Frá sjónarhóli málvísinda eru öll tungumál jöfn og enginn vafi leikur á því að táknmálsrannsóknir hafa fært málvísindum ný sannindi um virkni og þróun tungumála. Í dag efast því enginn um að táknmál séu mál. Það reynist hins vegar erfitt að breyta hugmyndinni um alþjóðleika táknmála sem segir okkur að hugmyndir manna um mál töluð með röddu og mál töluð með höndum eru ólíkar.

Táknmál heimsins skipta a.m.k. tugum og líklega hundruðum, allt eftir því hvernig við skilgreinum mál. Táknmál í ólíkum löndum eru lík að formgerð en þau eru mis-skyld. Innan hvers táknmáls má líka sjá breytileika, eins og mál-lýskur, unglíngamál og barnamál. Á sama hátt og menning mótast mál þeirra sem tala raddmál þá mótast menningin táknmál á hverjum stað. Íslenskt táknmál er því sérstakt, ekkert mál er alveg eins og það.

AKTU LENGRI LEIÐINA.

Kannastu við tilfinninguna? Billinn kraftmikill og skemmtilegur í akstri, fáir á ferli, eldsneytisnotkunin lægri en þú hefur áður kynnst þannig að þú velur lengri leiðina heim. BMW X1 xDrive18d er fjórhjóladrifinn sportjeppi með 143 hestafla dísilvél sem notar aðeins 5,4 l/100 km. Við skorum á þig að koma og reynsluaka þessum einstaka bíl frá BMW.

BMW X1 xDrive18d – 5,4 l/100 km*
Verð frá 6.090 þús. kr.

BMW EfficientDynamics
Less emissions. More driving pleasure.



*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í bílduðum akstri.

+

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
ÚLFUR MARKÚSSON
Berjaríma 34,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Landspítalanum
8. febrúar. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Hrafn Úlfsson
Jökull Úlfsson
Örn Þór Úlfsson
Markús Úlfsson
Helgi Úlfsson
Sonja Magnúsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Sjöfn Sverrisdóttir
Guðrún Björgvinsdóttir
Ingunn Björnsdóttir
Helga Haraldsdóttir



+

Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,
SOFFÍA VALGERÐUR EINARSDÓTTIR
Hjaltabakka 30, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir þann 9. febrúar.
Útför hennar verður auglýst síðar.

Einar Ingi Magnússon
Gunnar Magnússon
Sigrún Magnúsdóttir
Ása Magnúsdóttir
og aðrir aðstandendur.



+

Ástkær eiginkona mín,
móðir, tengdamóðir og amma,
JÓHANNA G. SVEINSDÓTTIR
Skipholtí 49, Reykjavík,

lést 22. janúar á Landspítalanum eftir stutta
sjúkralegu. Jarðarför fór fram í kyrrþey.

Jón Þórðarson
Ægir Þór Jónsson
Elsa Jóhanna Ægisdóttir

Jan Dodge Jónsson
Reynir Jón Ægisson



+

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og
hlýhug við andlát og útför
RAGNHEIÐAR JÓNSDÓTTUR
frá Sólheimum.

Aðstandendur.



+

Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,
SIGRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR
frá Björgum,

lést á dvalarheimilinu Lögmannshlíð 30. janúar. Útför hennar fer
fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 14. febrúar kl. 13.30.

Magnús Björnsson
Gestur Björnsson
Sigrún Lára Björnsdóttir
Krístín Björnsdóttir
ömmu- og langömmubörn.

Fanney Þórðardóttir
Ingibjörg Kjartansdóttir
Jón Aðalsteinsson



+

Ástkær eiginkona mín,
móðir okkar, amma og langamma,
AUÐUR HÁKONARDÓTTIR,
Víðilundi 3, Garðabæ,

lést á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu í
Hafnarfirði 4. febrúar. Útförin fer fram frá Frikirkjunni í Reykjavík
fimmtudaginn 13. febrúar kl. 13.00.

Gunnar H. Jónsson
Jóna Gunnarsdóttir
Hákon Gunnarsson
Guðrún Gunnarsdóttir
Krístín Gunnarsdóttir
og ömmubörn.

Hjördís Ingunn Sörensen
Svava Gunnarsdóttir
Guðrún Jóna Gunnarsdóttir
Stefanía Erla Gunnarsdóttir
Elín Stella Gunnarsdóttir
Gylfi Þorgeir Gunnarsson
Ragna Gunnarsdóttir
Fríður Gunnarsdóttir
Konráð Stefán Gunnarsson
Ingibjörg Margrét Gunnarsdóttir
Bessi Gunnarsson
Sigrún Gunnarsdóttir
Hanna Dröfn Gunnarsdóttir
og aðrir afkomendur.



Alþjóðlegi netöryggis- dagurinn er í dag

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands, er meðal þeirra sem halda erindi, en hún mun ræða um hatursorðræðu á netinu.

Alþjóðlegi netöryggisdagurinn verður haldinn hátíðlegur í ellefta sinn í dag. Í tilefni dagsins stendur SAFT, Samfélag, fjölskylda og tækni, sem er vakningarátak um örugga og jákvæða tölvu- og nýmiðlanotkun barna og unglinga á Íslandi, fyrir ráðstefnu í Skriðu, aðalbyggingu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð, frá tólf á hádegi til fjögur. Ráðstefnan er haldin í samstarfi við ráðuneyti innanríkis-, velferðar- og mennta- og menningarmála, Póst- og fjarskiptastofnun og Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra heldur opunarávarp og býður gesti velkomna og Eygló Harðardóttir flytur einnig erindi. Nokkrar málstofur verða haldnar, en þær eru Ábyrgð og vernd Íslendinga á netinu, Varðveisla persónuupplýsinga og Hvernig byggjum við upp „stafræna borgaravítund“?

Margrét Steinarsdóttir er framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands og er hún ein þeirra sem flytja erindi á málstofunni um ábyrgð og vernd Íslendinga á netinu, en málstofunni stýrir Ingimar Karl Helgason blaðamaður.

„Við munum meðal annars benda á skýrslu sem Mannréttindaskrifstofa gaf út um hatursorðræðu og segja frá efni hennar. Svo munum við tala almennt um hatursorðræðu og internetið – því internetið hefur auðvitað opnað stóran vettvang fyrir ýmiss konar fordóma og hatursorðræðu,“ segir Margrét. „Við ætlum einnig að snerta á alþjóðlega regluverkinu um internetumgengni og þau vandkvæði sem fylgja því að geta skýlt sér á bak við löggjöf annarra ríkja með því að skrá lén í ríkjum þar sem ekki er jafnstrangt reglu-



STÓR VETTIVANGUR HATURSORÐRÆÐU Margrét segir internetið hafa opnað stóran vettvang fyrir hatursorðræðu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

verk um internetnotkun.“ Hún segir þetta verða örverindi en vonast til þess að líflegar umræður skapist í kjölfarið. „Við munum ræða um tjáningarfrelsið og svo aftur takmarkanir á því vegna hatursorðræðunnar – við vonum að við komum að sem mestum upplýsingum sem við teljum að geti komið að gagni í umræðunni,“ segir Margrét.

Þemað á netöryggisdeginum í ár er Gerum netið betra, saman og munu yfir hundrað þjóðir um allan heim standa fyrir skipulagðri dagskrá þennan dag. olof@frettabladid.is

+

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
GUNNAR JÓNSSON
Hveragerði,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands miðvikudaginn 5. febrúar.
Blóm og kransar eru afpakkaðir en þeim sem vilja minnst hans er bent á minningarkort Hjartaheilla. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 13. febrúar kl. 13.00.

Jóna Jónsdóttir
Jóhann Gunnarsson
Stefanía Gunnarsdóttir
Hermína Gunnarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Hulda Jónsdóttir
Óskar Aðalbjarnarson
Valur Gunnarsson



+

SIGURJÓN GUÐNASON
málmsteypumeistari,
áður Skipasundi 45, Reykjavík,

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni
2. febrúar sl., verður jarðsunninn frá
Laugarneskirkju miðvikudaginn 12. febrúar klukkan 11.00.

Snorri Sigurjónsson
Hörður M. Sigurjónsson
Anna Lísá Sigurjónsdóttir

Ingibjörg G. Guðmundsdóttir
Kelli C. M. Sigurjónsson
Sigurður Þ. Þórðarson
Ragnhildur Guðmundsdóttir
barnabörn og fjölskyldur þeirra.



+

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda
samúð og hlýhug við andlát og
útför okkar ástkæru ættmóður,
STELLU STEFÁNSDÓTTUR
Mýrarvegi 117, Akureyri.

Hjördís Ingunn Sörensen
Svava Gunnarsdóttir
Guðrún Jóna Gunnarsdóttir
Stefanía Erla Gunnarsdóttir
Elín Stella Gunnarsdóttir
Gylfi Þorgeir Gunnarsson
Ragna Gunnarsdóttir
Fríður Gunnarsdóttir
Konráð Stefán Gunnarsson
Ingibjörg Margrét Gunnarsdóttir
Bessi Gunnarsson
Sigrún Gunnarsdóttir
Hanna Dröfn Gunnarsdóttir
og aðrir afkomendur.

Helge Sörensen
Bjarni Jónasson
Finnur Marinósson
Kristleifur Kolbeinsson

Sigrún Þorlákúsdóttir
Gunnar Hannesson
Bjarni Bjarnason
Guðfína Sölvadóttir

Indiana Ásmundsdóttir
Gunnar Jónsson
Ólafur Þorsteinsson



+

Eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,
RAGNHEIÐUR PÁLSDÓTTIR
Breiðuvík 67, Reykjavík,

andaðist á gjörgæsludeild LSH í Fossvogi
laugardaginn 8. febrúar. Útförin fer fram frá
Grafarvogskirkju föstudaginn 14. febrúar klukkan 13.00.

Stefán Niels Stefánsson
Guðríður Stefánsdóttir
Hrafn Stefánsson
Örn Stefánsson
barnabörn og langömmubörn.

Guðmundur Ág. Ingvarsson
Sonja I. Einarisdóttir
Ingunn Ólafía Blöndal



+

Ástkær eiginkona mín,
elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma, tengdaamma og langamma,
SJÖFN HJÖRLEIFSDÓTTIR
Norðurbakka 21b, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum fimmtudaginn
6. febrúar.

Guðmundur Björnsson
Elín Helga Guðmundsdóttir
Björn Guðmundsson
Margrét Guðmundsdóttir
Sjöfn Þórðardóttir
Sif Björnsdóttir
Sigrún Margrét Pétursdóttir
Heiðrún Sjöfn Sigurðardóttir
Guðmundur Gunnar Pétursson
Þorbjörg Pétursdóttir
Vilhjálmur Pétursson
Guðmundur Björnsson
og barnabarnabörn.

Pétur Kjartansson
Valdís H. Haraldsdóttir

Lárus B. Lárusson

Þorvaldur Egilson
Sigmar Ólfjörð Kárason
Tinna Björt Guðjónsdóttir



+

Ástkær eiginmaður minn, faðir, sonur,
bróðir og tengdasonur,
ÞORSTEINN JÓHANNSON
Lyngbraut 8, Garði,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
5. febrúar síðastliðinn. Útför hans fer fram
frá Útskálakirkju 13. febrúar kl. 15.00. Þeim sem vilja minnst
hans er bent á Björgunarsv. Ægi í Garði eða Krabbameinsfélagið.

Ingveldur Ásdís Sigurðardóttir
Sólveig H. Þorsteinsdóttir
Elisabet Ó. Þorsteinsdóttir
Jóhann A. Þorsteinsson
Helga Sigurbjörg Bjarnadóttir
Þórhallur Jóhannsson
Hlynur Jóhannsson
Njóður Jóhannsson
Sólveig Ívarsdóttir
og fjölskyldur.

Trausti B. Óskarsson



FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

MINNA KYNLÍF

Ný skoðanakönnun í Noregi bendir til að fólk í föstu sambandi stundi mun minna kynlíf en það gerði fyrir tíu árum. Sams konar könnun var gerð í Bretlandi í haust og voru niðurstöður á sama veg. Einn af hverjum þremur Norðmönnum viðurkennir að stunda kynlíf sjaldan.



Hreinsandi sérhæfir sig í :

- Myglugró
- Djúphreinsun
- Lyktareyðingu
- Sóttthreinsun teppa, húsgagna, rúmdýna og annarra húsmuna.



Hreinsandi
fyrir alla muni

Hreinsandi notar efni frá Könni

Eldshöfða 1 S: 577-5000

Hreinsandi.is hreinsandi@hreinsandi.is



KOMA JAFNVÆGI Á HORMÓNABÚSKAPINN

Nýjar rannsóknir sýna að próbíótískir gerlar geta átt þátt í að minnka kviðfitu.

ÚTSÖLUSTADIR: FLEST APÓTEK, HEILSUHÚSIÐ, LIF-ANDI MARKAÐUR, KRÓNAN, HAGKAUP OG FJARÐARKAUP. MÁNARI UPPLÝSING-AR Á WWW.GENGURVEL.IS

BUMBUNA BURT!

GENGUR VEL KYNNIR Nýjar rannsóknir sýna fylgni milli inntöku próbíótískra gerla og minnkaðrar kviðfitu.

Þarmaflóran í venjulegri manneskju inniheldur hundruð mismunandi tegunda gerla og baktería. Jafnvægi þessara baktería getur raskast vegna veikinda, inntöku sýklalyfja, kaffidrykkju og margra annarra orsaka í umhverfi okkar. Próbíótísku gerlarnir losa okkur við slæmu bakteríurnar og koma á nauðsynlegu jafnvægi í þörmunum. Nú hefur komið í ljós að þessir vinveittu gerlar geti líka hjálpað til við að minnka kviðfitu.

UNDRÁVERÐUR ÁRANGUR

Nýleg rannsókn (sjá: www.consumerlab.com) á japönskum karlmönnum sem allir voru of þungir sýndi að með því að gefa þeim stóra skammta af próbíótísku gerlum í 12 vikur minnkaði kviðfitan um 4,6%. Viðmiðunarhópurinn sem fékk lyfleysu sýndi hins vegar engan árangur. Taka skal samt fram að auðvitað er ekki mælt með því að fólk hætti að hreyfa sig eða borða hollt til þess að losna við fitu. Virkni próbíótískra gerla felst m.a. í því að þeir koma jafnvægi á hormónabúskap okkar. Sérstaklega þá hormónin leptín og ghrelín sem senda skilaboð til heilans um hvort við séum svöng eða södd. Þegar þarmagerlarnir eru í jafnvægi senda þeir „eðlileg“ skilaboð um hvort við séum södd eða svöng en ef ójafnvægis gætir á þessum hormónum geta skilaboðin brenglast með þeim afleiðingum að við finnum fyrir hungurtillfinningu án þess að vera í raun svöng og höfum því tilhneigingu til að borða of mikið.

Heilbrigð þarmaflóra minnkar einnig upptöku kolvetna í smáþörmunum, sem annars breytast í kviðfitu, með því að hreinlega éta þessi kolvetni.

Rannsóknir hafa að auki sýnt að slæmar bakteríur, sem fyrirfinnast í þörmum þar sem ójafnvægi baktería og gerla ríkir, framleiða eitufreinin lipopolysaccardies (LPS) sem geta framkallað insúlín-ónæmi eða undanfara áunninnar sykursýki.

SÝRU- OG GALLPOLNIR GERLAR

Mikilvægt er að gerlarnir sem teknir eru séu sýru- og gallþolnir því maginn inniheldur mikla sýru og próbíótísku gerlarnir eiga mjög erfitt með að lifa af í því háa sýrustigi sem fyrirfinnst í maganum. Þörfin fyrir góðgerlana er í smáþörmunum og því þurfa þeir að lifa af ferðina í gegnum súran magann. Dr. S.K. Dash, höfundur Prógastró DDS+3, hefur þróað tækni sem gerir alla hans gerla sýruþolna. Prógastró DD+3 eru því bæði gall- og sýruþolnir ásamt því að vera einn öflugasti asídófilusinn á markaðnum í dag. Prógastró DDS+3 þarf ekki nauðsynlega að geymast í kæli.



Blendtec blandarinn er mikil eign.

Þægilegur, fljótur og einstaklega fjölhæfur og kemur nú með 7 ára ábyrgð. Blendtec blandarinn bryður möndlur, lagar ís, malar korn og býr til heitar súpur...og svo miklu meira.

Fæst í þremur litum, verð frá 109.900,- sjá www.blendtec.is



GLÆSILEGT !

teg Lidia
push up haldari í
70-85 CDE 70-80F
og 70-75G

á kr. 6.850,-
buxur við
á kr. 2.580,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opíð frá 10-18 virka daga
Laugadag opíð frá kl 10-14

Vertu vinur



Stuðnings-
stöngin

LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Yfir 8000 ánægðir
notendur á Íslandi

Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir lðjubjálfarar, sjúkrahjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0-45° timbur/gíflöft.

Vilji
vilji.is

...léttir þér lífið

Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Stillanleg frá 225-307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum.



HÆTTU Í MEGRUN VERTU FIT

FTT kjúklinga-salat
1.790 KR

Culiacan
MEXICAN GRILL

Suðurlandsbraut 4 533 1033 culiacan.is

Hugræn teygjuleikfimi ásamt heilsumeðferð

Hópa- og einkatímar

Leidbeinandi: Qing

TILBOÐ

- opnar orkuflæði
- slökun
- losar um spennu og kvíða
- dregur úr verkjum
- styrkir líkamann
- jafnvægi fyrir líkama og sál
- o.fl.

**TAI CHI
INNIFALIÐ**

**HEILSU
DREKINN**

禅悦

Skeifan 3j | Sími 553 8282 | www.heilsudrekkinn.is

**MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI***

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu. Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlökunum Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

C-VÍTAMÍN Í ÆÐ LOFAR GÓÐU

HEILSA Stórir skammtar af C-vítamíni geta eft krabbameinsmeðferðir til muna, samkvæmt niðurstöðum bandarískrar rannsóknar. Bretar segja frekari rannsókn þörf svo mark megi taka á niðurstöðunum.

Visindamenn við Háskólann í Kansas í Bandaríkjunum segja að sé C-vítamíni sprautað inn í líkamann, geti það verið hættulaus, áhrifarík og ódýr meðferð við krabbameini í eggjastokkum og öðru krabbameini. Þetta eru niðurstöður tilrauna sem gerðar voru á músum og hópi krabbameinsjúklinga.


Visindamennirnir kalla jafnframt eftir yfirgripsmiklum rannsóknum á þessari meðferð af hálfu stjórnvalda, þar sem ólíklegt þykir að lyfjaframleiðendur standi að rannsóknum því ekki er hægt að fá einkaleyfi á vítamíni.

C-vítamín hefur lengi verið notað í krabbameinsmeðferðum. Á áttunda áratugnum upplýsti efnafræðingurinn Linus Paulding að það skilaði árangri, væri það gefið í æð. Rannsóknir á áhrifum vítamínsins þegar það er tekið inn um munn sýndu ekki sömu áhrif og var þeim því hætt. En nú er vitað að C-vítamín skilst hratt út úr líkamanum þegar það er tekið inn um munn. Visindamennirnir, sem unnu að tilraununum við Háskólann í Kansas, segja að líkaminn taki vítamínið allt til sín þegar það er gefið í æð og að það drepi krabbameinsfrumur, án þess að skaða heilbrigðar frumur líkamans. C-vítamíni var sprautað í krabbameinsfrumur í músum á rannsóknarstofu og einnig í hóp sjúklinga með langt gengið krabbamein í eggjastokkum. Krabbameinsfrumurnar voru nærmar fyrir vítamíninu meðan aðrar frumur sakaði ekki og sjúklingarnir fengu færri aukaverkanir þegar þeir fengu C-vítamín meðfram lyfjameðferð.

Dr. Kat Arney, upplýsingafulltrú hjá Cancer Research í Bretlandi, telur þó að frekari rannsóknir þurfi að gera til að taka megi mark á þessum niðurstöðum. Hópur sjúklinga í rannsókninni hafi verið fámennur eða tuttugu og tveir. Þær séu þó athyglisverðar.

Fréttina má lesa á fréttavef BBC.

HOLLT C-vítamín hefur lengi verið notað í krabbameinsmeðferðum.



LOFA GÓÐU Niðurstöður bandarískrar rannsóknar gefa til kynna að stórir skammtar af C-vítamíni í æð efla meðferð við krabbameini til muna.

NORDIC PHOTOS/GETTY

HOLLUSTA HJÓLREIÐA

Bresk rannsókn sýnir að sé fimm mínútum eytt á hjóli í stað bíls geti það haft bættu heilsu í för með sér.

Ef ein af hverjum tíu ferðum væri farin á hjóli í stað bíls myndu sparast 250 milljónir punda, eða rúmlega 47 milljarðar íslenskra króna, á ári í breska heilbrigðiskerfinu. Þetta kom fram í rannsókn sem gerð var af vísindamönnum við háskólann í Cambridge nýlega. Rannsakendur komust að því að frekar lítil breyting á hegðun fólks myndi hafa gríðarlegan heilsufarslegan ágöða í för með sér. Ef aðeins fimm mínútur af þeim 36 sem fólk eyðir að meðaltali í bíl í Bretlandi á dag væru frekar farnar á reiðhjóli yrði tíðni sjúkdóma sem orsakast meðal annars af hreyfingarleysi svo sem hjartasjúkdómar, sykursýki og heilablóðfall fimm prósent minni.

Rannsóknin var gerð fyrir Breska hjóltreidda-sambandið sem gaf nýlega frá sér stefnuskrá sem ætluð er til að auka reiðhjólanoftkun. Einn liður á stefnuskránni er að auka öryggi hjólandi manna á vegum. Þetta á að gera með því að auka útgjöld í þessum málaflokki úr tveimur pundum á mann í tíu pund á mann á ári. Það er þó lítil upphæð miðað við þau 75 pund á mann sem eytt er í vegagerð.



Á HJÓLI Sparnaður í heilbrigðiskerfinu yrði mikill ef fleiri myndu hjóla oftar. MYND/GETTY

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson**, kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



Öryggisbúnaðurinn bjargaði lífi mínu

Baldur Gunnarsson var á ferð með félögum sínum þegar hann lenti í vélsleðaslysi í mars á síðasta ári. Það sem varð honum til bjargar var hversu vel hann var búinn.

SÍÐA 2



Fyrsta skref ferðalangans

„Eitt af því mikilvægasta er að útbúa ferðaáætlun,“ segir Hörður Már Harðarson, formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

SÍÐA 3



Hugað að öryggi fyrir brottför

Til eru ýmis gagnleg hjálpartól sem gagnast reyndum sem óreyndum ferðalöngum. Til dæmis GPS-tæki og 112 Iceland snjallsíma-appið.

SÍÐA 3



Í þakkarskuld við 112

Jón Albert Jónsson lenti í hrakningum á Öxnadalshéiði í desember en með góðri hjálpi björgunarsveita komst hann yfir heiðina og náði meira að segja flugi í Keflavík.

SÍÐA 4



Neyðarlínan og viðbragðsaðilar hvetja ferðalanga og útivistarfólk til að gæta fyllsta öryggis í ferðum að vetrarlagi, hvort sem er í byggð, á þjóðvegum eða utan alfaraleiða.

MYND/ GUMMUNDUR FREYR JÓNSSON

Góða ferð – alla leið!

Aukum öryggi í vetrarferðum • Vanda þarf undirbúning • Kynna sér aðstæður og veðurútlit • Gera ferðaáætlun • Hafa búnað sem hæfir aðstæðum • Vita hvar við erum • Kunna að bregðast við slysum • 112 – ekki hika við að hringja.

Neyðarlínan og viðbragðsaðilar hvetja ferðalanga og útivistarfólk til að gæta fyllsta öryggis í ferðum að vetrarlagi, hvort sem er í byggð, á þjóðvegum eða utan alfaraleiða. Aðstæður geta verið erfiðar á Íslandi að vetri til og breytast oft ótrúlega hratt. Í langflestum tilvikum gengur allt að óskum en þó er algengt að fólk lenti í vandræðum og þurfi að kalla eftir aðstoð björgunarsveita og annarra.

112 og viðbragðsaðilar eru ávallt tilbúnir að koma til hjálpar þegar á þarf að halda en þeir telja að í mörgum tilvikum megi koma í veg fyrir slys og erfiðleika jafnt á vegum sem utan alfaraleiða.

Með því að vanda undirbúning ferðalaga

má draga verulega úr hættu á að fólk lenti í vandræðum og auðvelda leit og björgun þegar á þarf að halda. Gríðarlega mikilvægt er að ferðalangar geri ferðaáætlun og láti vita af ferðum sínum. Einnig leggja Neyðarlínan og viðbragðsaðilar mikla áherslu á að fólk geti látið vita um nákvæma staðsetningu þegar leitað er eftir aðstoð.

Vegagerðin grípur um þessar mundir til víðtækra ráðstafana til að stemma stigu við að fólk leggi í tvísýn ferðalög þrátt fyrir ítrekaðar viðvaranir, ófærð og slæmt veðurútlit. Sett verða upp lokunarhlíð við fjölda leiða á þjóðvegi 1 og víðar og er fólk eindregið hvatt til að virða merki um lokun vegna.

Í 112-blaðinu er fjallað um öryggi í vetrarferðum í víðum skilningi og er fólk hvatt til að kynna sér leiðbeiningar um hvernig draga megi úr líkum á alvarlegum slysum:

- Kynnið ykkur færð og veðurútlit áður en lagt er af stað. Ekki tefla í tvísýnu.
- Gerið ferðaáætlun, til dæmis á safetravel.is. Látið vita af ferðum ykkar.
- Gætið þess að hafa búnað sem hæfir aðstæðum hverju sinni, ekki síst í ferðum á fjöllum og jöklum.
- Hafið fjarskiptabúnað sem tryggir að þið getið leitað aðstoðar ef á þarf að halda.
- Þekking á skyndihjálpi og fyrstu hjálpi kemur að góðum notum þegar slys verða eða veikindi ber að höndum.
- Tryggið að þið getið gefið upp sem nákvæmasta staðsetningu þegar hringt er í 112. Það styttr biðina eftir aðstoð.
- Umfram allt: Farið varlega og gætið fyllsta öryggis.

Góða ferð!

• 112-DAGURINN HALDINN Í TÍUNDA SINN

